

STYRKUS^{RVK}

2. DESEMBER 2005 | 24. VÍKA

+ ALLT UM JÓLA-
GJAFIRNAR Í ÁR.

GULLMOLINN ÚR GETTÓINU

GYLFI EINARSSON ATVINNUMAÐUR Á ENGLANDI SPÁIR
Í TÍSKU OG GETUR VERIÐ ALGJÖR KELLING

ÍSGERÐUR ELFA - ÍSKÖLD Á LEIÐ
UPP STJÖRNUHIMININN
UNGFRÚ GUYANA - GLÆSILEGASTA
TENGDADÓTTIR ÍSLANDS
ÓSKALISTI FRÆGA FÓLKSINS
WILLIAM HUNG - EKKI LENGUR
HREINN SVEINN

ISSN 1670-6005



9 771670 600005

KR. 300

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

Víð enda hringans

Bók sem heldur þér í heljargreipum

**„Spennandi
og áhrifamikil.“**

Dagbladet

**„Mjög áhugaverð saga,
norrænn fyrirrennari
Da Vinci lykilsins
og ekki síður spennandi ...
nær að halda óskiptri
athygli lesanda.“**

Katrín Jakobsdóttir



**„Áhugaverð og spennandi ...
dýpra verk en Da Vinci lykillinn
og skilur meira eftir sig.“**

Bórarinn Bórarinnsson / FRÉTTABLAÐIÐ

JPV

JPV ÚTGÁFA

www.jpv.is



„Ég veit ekki hvernig ég á að lýsa þessu; sem blöndu af Monthy Python og Buster Keaton, eða jafnvel sem „Steini og Olli í lit“... það eina sem ég veit er að þú munt eiga í erfiðleikum með að velta ekki úr sætinu af hlátri og harðsperrurnar í maganum daginn eftir verða mjög, mjög slæmar.“

- The Seattle Stranger, USA

„Algjörlega taumlaus, áköf og fallega klikkuð sýning. Betri skemmtun geturðu ekki fengið í öllum fötunum.“

- Rolling Stone



The Shneedles

Austurbæjarbíói, föstudaginn 27. janúar

„Takk fyrir að vera alltaf fyndnir. Ég held þið séuð frægir.“

- Frank Rigot, 7 ára

Miðasala í fullum gangi.

20% afsláttur til allra með GSM númer hjá Símanum.



GSM SÍMAR

JÓLADAGATALIÐ!

24. desember opnum við síðasta gluggann og gefum aðalvinninginn!



Panasonic

HEIMABIÓ



DVD MYNDIR



TÖLVULEIKIR



aligo

SONY

MP3 SPILARAR




the family stone
BÍÓMIÐAR



MEDION

TÖLVUR



EMINEM

GEISLAPLÖTUR



KÓK OG MALTÖL



PS2 OG PSP TÖLVUR



SONY

MYNDAVÉL

AÐALAVINNINGUR ER JÓLAPAKKI HANDA ALLRI FJÖLSKYLDUNNI!

Aðalvinningur að verðmæti 550.000,-



MEDION 42" PLASMASÓJNVARP + MEDION V8 TÖLVA + 19" TFT TÖLVUSKJÁR + SONY CYBERSHOT MYNDAVÉL + PS2 TÖLVA + PANASONIC MINIDV + PANASONIC HEIMABIÓ OG 10 x DVD MYNDIR AF EIGIN VALI!



JÓLAÍS



Panasonic

UPPTÖKUVÉL



NÓI SÍRIUS

JÓLAKONFEKT



BTNET

ADSL ÁSKRIFTIR



DVD SPILARI



BUZZ TÖLVULEIKUR

10. hver vinnur!

10. hver vinnur eitthvað af þessu hér:
MEDION V8 X2 tölvur • PANASONIC heimabió • Denver DVD spilarar • PANASONIC miniDV tökuvélat • Sony Stafrænar myndavélar • GSM símar • Jólais Kjörís • PSP tölva • Sony MP3 spilarar • Konfekt frá Nóa Sírius • PlayStation 2 tölvur • Bíómiðar fyrir tvo á The Family Stone • Fullt af geislaflötum • CocaCola kippur • Fullt af DVD • Viking Malt kippur • Fullt af tölvuleikjum • Fri ADSL áskrift hjá BTnet!

Sendu SMS skeytið BT RVK á númerið 1900 og þú gætir unnið!
Við sendum þér spurningu tengda BT og jóluum sem þú svarar með SMS skeyti BT A, B eða C á númerið 1900.



ÓLAFUR GEIR JÓNSSON ER 1.80 OG HLÆR AÐ SÖGUSÖGNUM UM AÐ HANN SÉ MINNI.

KONUR VILJA HERRANA LITLA OG SÆTA

ÓLI GEIR JÓNSSON VAR KJÖRINN HERRA ÍSLAND Á FIMMTUDAGINN Í SÍÐUSTU VIKU. EINHVERJAR SÖGUSAGNIR HAFU VERIÐ UPPI ÞESS EFNIS AÐ ÓLI SÉ EKKI NEMA 177 SENTIMETRAR Á HÆÐ. SIRKUS RVK KANNAÐI MÁLIÐ.

Ólafur Geir Jónsson, tvítugur Keflvíkingur, var nýverið krýndur herra Ísland á skemmtistaðnum Broadway að viðstöddu fullu húsi. Bryddað var upp á nýbreytni í kosningu á herra Íslandi, því nú fékk sauðsvartur almúginn að ráða úrslitum með SMS-kosningu. Ólafur Geir sigraði í henni, félögum sínum frá Keflavík til ómældrar ánægju.

Athygli vakti í krýningunni að Ólafur Geir virtist töluvert lægri en aðrir keppendur sem komust á pall. Sögusagnir voru uppi um að kappinn væri aðeins 177 sm. Sirkus Reykjavík leik forvitni á að vita hvort herra Ísland væri orðinn of lítill.

KONURNAR AÐ TAKA YFIR

Heiðar Jónsson, betur þekktur sem Heiðar snyrtir, telur að svo sé. „Já, ég myndi halda að hann væri of lítill því fegurðardrottningar hafa hækkað á undanförunum árum og herrann verður að vera stærri en stúlkan. Hins vegar held ég að



HEIÐAR JÓNSSON SEGIR KONUR Í DAG VILJA HAFNA KALLANA LITLA OG SÆTA.

þetta sé nokkuð táknrænt. Konurnar eru að fara að taka yfir og nú vilja þær hafa herrana litla og sæta sem þær geta stjórnað.“

Sæunn Ólafsdóttir, höfundur bókarinnar „Brosað gegnum tárin“, telur hins vegar að herra Ísland sé ekki of lítill. „Hann er ekkert of lítill. Ég held honum líði vel eins og hann er. Fegurðarstaðlarnir breytast í sífellu. Feitur maður gæti þess vegna unnið keppnina næst.“

„ÉG ER EINN OG ÁTTATÍU“

Ólafur Geir sló aftur á móti á þessar sögusagnir. „Þetta er algjört rugl. Ég er einn og áttatíu og ég var ekki minnstur í keppninni. Það voru tveir minni. Ég veit að ég virkaði lítill því hann Jón Gunnlaugur sem var í öðru sæti er einn níutíu og

SÆUNN ÓLAFSDÓTTIR „FEGURÐARSTAÐLARNIR BREYTAST Í SÍFELLU. FEITUR MAÐUR GÆTI ÞESS VEGNA UNNIÐ KEPPNINA NÆST.“

fjórir,“ sagði Ólafur Geir, herra Ísland. Þegar Sirkus Reykjavík bauð honum að koma í Skaftahlíðina til að slá algjörlega á þessar sögusagnir með einfaldri mælingu, afþakkaði hann pent: „Ég var mældur þegar ég fór í keppnina og þarf því ekki að sanna neitt fyrir neinum.“

-HH



HRESSANDI



GULLKINDIN

Gullkindin sem haldin var á dögnum er hátíð sem á sannarlega rétt á sér. Hún er nauðsynleg fyrir íslenskt samfélag og frægt fólk sem veður uppi, án allrar sjálfs-gagnrýni. Verðlaun sem þessi vekja fólk til umhugsunar um hvort það sem það er að gera sé nógu gott. Þá er bara að spýta í lófana og gera betur.



THAI STYLE SMÍÐJUVEGI

Thai Style er hressandi veitingastaður á Smíðjuvegi 4 í Kópavogi. Þar tekur vertinn Oddur á móti þér með bros á vör, létur í lung með þjónustulund. Það er sérstaklega hressandi að fá sér rétt númer þrjú, Kao pad ped, hrísgrjón, grænmeti og kjúklingur eða svínakjöt. Verðinu er líka stillt í hóf hjá Oddi.



ELDRI BORGARAR

Eldri borgarar eru alltaf hressandi. Þeir hafa orðið fyrir barðinu á neikvæðri umræðu í gegnum tíðina. Það er kvartað yfir því hvernig þeir keyra og sagt að þeir séu sítuðandi. Auk þess eru þeir gleymdir og fátækir, lepjandi dauðann úr skel. Það er nær að setjast niður með þeim og hlusta á þann sarp af reynslusögum sem þeir hafa að segja. Það er hressandi.

EFNI

6 – Hommaávarpið

8-9 – Gylfi Einarsson getur verið algjör kelling

10 – William Hung ekki lengur hreinn sveinn

12 – Finna er ungur og efnilegur hönnuður

14-15 – Ísgerður Elfa var dregin í áheyrnarprufur fyrir leiklistarskóla

16 – Ungfrú Gyuaena er fallegasta tengdadóttir Íslands

19 – Adda Vs. DJ- Sóley


20-27 – Allt sem þú þarft að vita um jólagjafirnar

28 – Partísvæðið 112

35 – Solla systir Samma í Jagúar komin í bransann

39-43 – Sódóma Reykjavík

Allt um menningar- og skemmtanalíf vikunnar



ARNAR HÆTTUR Í LEAVES

Arnar Ólafsson, gítarleikari Leaves, sagði skilið við hljómsveitina á dögnum. Arnar hafði verið í hljómsveitinni frá upphafi en nú hefur hann ákveðið að söðla um. Arnar fékkst ekki til að tjá sig um málið en staðfesti þó að hann væri hættur í sveitinni.

Hljómsveitin Leaves sendi í sumar frá sér plötuna The Angela Test og spilaði Arnar með á henni. Ekkert er vitað hverju Arnar ætlar að snúa sér að en heyrst hefur að hann hyggi á einherjaferil. Hljómsveitarmeðlimir Leaves halda hins vegar ótrauðir áfram án Arnars og fylgja eftir þeirri velgengni sem þeir hafa notið allt frá því þeir sendu frá sér sína fyrstu plötu, Breathe. Strákarnir eru þó ekki orðnir uppi-skroppa með Arnara því söngvari sveitarinnar Arnar Guðjónsson er ekkert á förum.

Nánari umfjöllun um Leaves er á bls. 39.



ARNAR ÓLAFSSON HEFUR SAGT SKILIÐ VIÐ LEAVES.

-SHS

SIRKUS

365

Auglýsingastjóri: Hannes Steindórsson
Kynningarstjóri: Guðmundur Amar Guðmundsson
Sölustjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglýsingar@365.is
Ritstjóri: Hjörvar Hafliðason, Katla Rós Völudóttir, Óli Hjörtur Ólafsson og Sólmundur Hólm.
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Forsíðumyndina tók Hari af Gylfa Einarssyni fótboltamanni.



BRYNDÍS JÓNA MAGNÚSDÓTTIR
UNGUR RITHÖFUNDUR Á UPPLÆIÐ.

SIRKUS EYND – HEIDA

HVER ERT ÞÚ?



SIRKUS EYND – HEIDA

MARGRÉT JÚSTA SEM HLEÐUR TÓNLIST AF NETINU

SIRKUS STOPPAR ÓKUNNUGA MANNESKJU
ÚTI Á GÖTU TIL AÐ VITA MEIRA UM HANA

Hver ert þú?

Ég er Margrét Jústá Pétursdóttir, 19 ára. Ég er á alþjóðabraut í Verslunarskóla Íslands.

Hvað gerir þú yfirleitt um helgar?

Mjög misjafnt, hangi með vinunum og er með kærastanum.

Hvert stefnir þú í framtíðinni?

Klára námið, stofna góða fjölskyldu, lífa hamingjusömu og góðu lífi.

Uppáhalds frægi Íslendingurinn?

Vigdís Finnbogadóttir.

Uppáhalds meðlimur Skítamóralis?

Trommarinn dökkhærði, man ekki hvað hann heitir.

Eru partýin orðin grófar í dag?

Veit það ekki.

Hvort kaupir þú geisladiska eða hleður niður af netinu?

Ég hleð af netinu.

Hvað svo?

Er að fara í tíma, er allt of sein.

ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON ALGJÖR HETJA

BRYNDÍS JÓNA SENDIR FRÁ SÉR SÍNA FYRSTU BÓK

Bryndís Jóna Magnúsdóttir er 24 ára rithöfundur. Hún hefur nú gefið út sína fyrstu skáldsögu og ber hún heitið *Er ég bara flatbrjósta núna*. Bryndís þykir fær penni þrátt fyrir ungan aldur og hafa aldrei gefið út áður.

„Mér fannst virkilega vanta alvöru unglingsbók á markaðinn í dag, svona dæmigerða unglingsbók sem fjallar um samskipti kynjanna. Ég var líka búin að vera lengi með þann draum í maganum að skrifa,“ segir Bryndís um frumraun sína á rithöfundasviðinu. „Ég byrjaði að skrifa þessa bók fyrir tveimur árum, ég tók svona skrifisyrpur þegar ég var í studí.“

Um hvað fjallar bókinn?

„Hún fjallar um þessar týpísku unglingspælingar, lífið og tilveruna. Júlía er aðalpersónan, hún er að klára 9 bekk og er skotin í strák og það er ekkert að

gerast í samskiptum þeirra,“ segir Bryndís um meginatriði bókarinnar.

Áttu þér einhverjar fyrirmyndir á rithöfundasviðinu?

„Mér finnst Þorgrímur Þráinsson vera algjör hetja. Ég las einmitt mikið eftir hann á unglingsárunum.“

Bryndís segir að það sé allt of lítið gefið út af unglingsbókum í dag: „Það eru tildæmis bara tvær slíkar að koma út núna. Það finnst mér skrýtið þar sem fólk er að kvarta yfir því að unglingar lesi of lítið í dag.“

Bryndís er búsett í Gautaborg með kærastanum Jóhanni B. Guðmundssyni þessa stundina. Hann starfar sem atvinnumaður í fótbolta en hún er á lokaári í Kennaraháskóla Íslands sem hún tekur í fjarnámi.

-KRV

NÝJAN GAYSTAÐ Í REYKJAVÍK OG ÞAÐ STRAX

HOMMAVARPIÐ

Það er eitt sem ég er búinn að pæla í að undanförunu. Af hverju er enginn almennilegur skemmtistaður á Reykjavíkursvæðinu þar sem ég get farið og pikkað upp aðra stráka? Ég er ekki týpan til að hössla eitthvað á netinu. Ég er miklu frekar til í að hitta fólk yfir bjór og góðri tónlist. Það er til einn staður sem ég veit um sem stílar inn á samkynhneigða markaðinn. Sá staður kallast Café Cozy. Ég veit mjög lítið um þann stað. Ég hef einu sinni farið þangað inn og einhvern veginn lenti ég í samræðum við einhverja 18 ára drottningu með svo mikið meik á andlitinu að það hefði getað gert atómsprengju óvirka. Sá strákur var mjög spes. Aflið hvítt hár, hvítar gallabuxur, í hvítum stuttermabol og með gullhúðaða tösku sem var ekki að gera neina góða hluti. Er þetta aðalgaystaður Íslands? 40 fm kaffihús? Er þetta málið? Ég leit í kringum mig og sá 18 ára meikverksmiðjuna talandi um hversu heitt módel hann væri, einhvern fimmtugan fullan sjóara blikkandi augnum til mín, einmana indverska stelpu reykjandi sigarettu eins og það sé engin morgundagur. Til að toppa

þetta allt saman var ofmetnasta lag allra tíma í gangi, I Will Survive með Gloríu Gaynor. Mig langar að taka hriðskotabyssu og myrða fólk þegar ég heyri þetta lag.

En allavega, ég hugsaði með mér „Hvar eru allir athyglisverðu strákarnir? Hvar eru heitu lessurnar í sleik á kantinum? Hvað er ég að gera hérna?“

Ég vil ekki vera að dissa Café Cozy meira vegna þess að auðvitað finnst mér það gott að það skuli vera einhver staður í Reykjavík sem er að þjóna þessum markhópi. Ef einhver sniðugur er að lesa þessa grein þá segi ég allavega frá mínu áliti að það mundi alveg virka að vera með einhvern heitan gaybar á Íslandi. Það þyrfti ekki að vera sér fyrir lesbiur eða sér fyrir homma. Stað þar sem hægt er að skemmta sér og kannski pikka upp einhvern heitan gaur. Eins mikið og mér finnst gaman að fara á Sirkus og Prikkið að djamma þá er það ekki beint minn markhópur sem hangir þar. Ég held að ég þurfi ekki að útskýra þetta neitt frekar.

Óli Hjörtur Ólafsson – Hommi.



SIRKUS EYND – HEIDA

AYGO



Settu AYGO á dagskrána þína...

- Komdu við í AYGO hjólhýsinu og heilsaðu upp á okkur
- Fylgstu með AYGO tónleikaröðinni
- Reynsluaktu AYGO og þú færð óvæntan glaðning að launum

Farðu á www.aygo.is og kynntu þér AYGO hjólhýsið, reynsluaksturinn og spennandi tónleikadagskrá næstu vikunnar.



Pú getur svo sem kallað mig gettóstrák," segir Gylfi Einarsson knattspyrnumaður þar sem hann sest niður með blaðamanni Sirkuss. „Ég er fæddur í Breiðholtiinu sem var nú ekki beint árennilegt á þessum árum. En ég flutti úr Fellahverfinu í Grafarvoginn þegar ég var sex ára.“

Í KLÓM NONNA VILLINGS

Gylfi segir það hafa verið gott að komast úr Fellahverfinu, af einni ástæðu sérstaklega. „Það var fótboltavöllur fyrir framan blokkina okkar þar sem ég var öllum stundum að leika mér með eldri strákum í fótbolta. Svo kom mamma út á svalir og kallaði á mig í mat. Þegar ég ætlaði að fara að hlaupa inn var einn af strákunum, Nonni villingur, örugglega sjö eða átta árum eldri en ég, ekkert á þeim buxunum að hleypa mér inn í mat og sagði mér að færi ég inn myndi hann lemja mig. Líklega er ástæðan fyrir því hvað ég var lítill sú að Nonni villingur hleypti mér ekki í matinn," segir Gylfi brosandi.

Í Grafarvoginum var fjölskyldan ein af frumbyggjum hverfisins. „Ég man að þegar ég var krakki bar ég út blöð í Grafvoginum og þar voru aðeins tvö til þrjú hundruð hús.“

Varstu aðal töffarinn þegar þú varst krakki?

„Nei, ég var alltaf minnstur sem krakki. Á ferðingarmyndinni er ég langminnstur, þrátt fyrir að hafa staðið á ták," segir Gylfi og hlær.

NOREGUR ÓHEILLANDI Í FYRSTU

„Ég byrjaði snemma í fótboltanum og hóf að æfa með Fylki í Árbæ. Pabbi minn er og var mikill Fylkismaður og þá var eiginlega ekki búið að stofna Fjölni í Grafarvogi," segir Gylfi sem lék allan sinn feril hér á landi með appelsínugula stórveldinu.

Sumarið 2000 var Gylfi besti leikmaðurinn í liði Fylkis sem varð í öðru sæti það árið. Það þótti magnaður árangur því Fylkismenn voru þá nýliðar í deildinni. Gylfi gerði tíu mörk í átján leikjum og erlend lið fóru spyrjast fyrir um kappann.

Gylfi sýndi Árbæingum þá virðingu að skrifa undir nýjan samning við Fylki skömmu áður en norska liðið Lilleström keypti hann. Þar með tryggði hann að liðið sem ól hann upp fengi kaupverð fyrir sig. Þá lá leiðin á nýjar slóðir, nýtt líf.

„Ef ég á að segja alveg eins og er þá var ég ekkert brjáláð spennur fyrir Noregi. Ég hafði þessa sömu sýn á Norðmönnum og aðrir Íslendingar; að þetta væru bara bændur og ekkert spennandi. Annað átti eftir að koma í ljós. Mér líkaði vel í Noregi, fólkíð þar er mjög almennilegt og ég eignaðist marga góða vini þar. Norska deildin er einnig töluvert sterkari en margir hérna heima halda.“

ALLT GEKK UPP Í FYRRA

Árið 2004 var eftirminnilegt hjá Gylfa. Hann sló í gegn í norsku úrvaldsdeildinni, skoraði meðal annars í sjö leikjum í röð og gerði alls tólf mörk í deildinni. Þá fann hann sig vel með landsliðinu. Lagði upp fyrra mark Íslands og skoraði hið síðara í sögufrægum sigri á Ítölum þar sem áhorfendamet var slegið á Laugardalsvelli. Skömmu síðar birtist hann á forsíðu tímaritsins Birtu og á stuttum tíma varð Gylfi Einarsson nafn sem fleiri en fótboltabullur könnuðust við.

„Árið í fyrra var bara ótúlega skemmtilegt í alla staði. Það hreinlega gekk allt upp hjá mér.“ Undir lok ársins samdi hann við stórlíð Leeds United sem leikur í næstefstu deild í Englandi. Liðið var í undanúrslitum meistardeildarinnar fyrir fjórum árum. Liðinu gengur vel í deildinni þessa dagana og líklega verður félagið komið á meðal þeirra bestu á Englandi innan skamms. Forráðamenn Leeds eru ánægðir með Gylfa sem reyndar er meiddur þessa dagana. Hann fór úr axlarlið [sjá plástra á forsíðu]og gæti orðið frá keppni fram að áramótum. „Mér líkar vel í Leeds. Þetta er skemmtileg borg. Strákarnir í liðinu eru finir og öll aðstæða fyrsta flokks. Ég fell vel

inn í þennan ískalda breska húmor. Ég fíla það vel að búa erlendis og væri ekki til í að búa heima akkúrat núna. Maður lærir einhvernveginn að læra meta Ísland betur þegar maður býr svona úti. Ísland verður meira spennandi. Það er svo gaman að kíkja heim, hitta félagana, fjölskylduna og kíkja aðeins út.“

Kemst eitthvað annað en fótbolti að hjá þér?

„Ég finn alltaf fyrir minni og minni þörf til að fylgjast með fótbolta. Ég geri minna af því að horfa á boltann en ég gerði því ég eyði nægum tíma í að spila og æfa hann. Ég hlusta mikið á tónlist og gæti ekki án hennar verið. Get hlustað á allt svo framarlega sem það sé vel gert. Fer eiginlega eftir hvernig skapi ég er í. Ef ég á að nefna einhvað sem ég er að hlusta á þessa dagana þá er það helst Prodigy, Foo Fighters, Kanye


West, Rolling Stones, Kaiser Chiefs og Coldplay. Ég hlusta einnig töluvert á íslenska tónlist. Þá finnst mér gaman að setjast niður yfir góðri bíómynd. Ég er veikur fyrir mafíumyndum á borð við Godfather og Goodfellas. Scarface er algjör snilld líka.“

EKKI FALLEGASTI MAÐUR LANDSINS

Kærasta Gylfa er Helga Lind Björgvinsdóttir, fyrirsæta. Helga Lind er öllum hnútum kunnug í knattspyrnunni því hún æfði með ÍA á sínum yngri árum og þótti mjög liðtæk, var meðal annars valin í yngri landslið. Gylfi þykir myndalegri en gengur og gerist og þar sem blaðamaður tyllir sér með Gylfa þykjast sumar stúlkurnar eiga eitthvað erindi til að ganga framhjá. Ég spyr hann beint út; Gylfi, ertu fallegasti maður á Íslandi? „Helgu finnst það

allavega," segir Gylfi og hlær. „Nei ég lít ekki á sjálfan mig sem fallegasta mann Íslands," segir Gylfi og hristir hausinn brosandi. „Come on, það tekur því varla að svara svona rugli. Ef einhverju fólki finnst eitthvað varið í mig þá er það auðvitað bara fínt. Ég er ekki mikið að velta mér upp úr þessu. Þegar einhver svona umræða er í gangi finnur móðir mín alltaf einhverja þörf hjá sér að halda mér niðri á jörðinni. Ekki að hún þurfi þess, svona umræður fara bara mjög svo í taugarnar á henni. Hún er svo hrædd um að ég ofmetnist“

Gylfi segir að athyglin sem hann fái trufla hann ekkert. „Ég upplifi mig heldur ekkert sem frægan, eða allavega ekkert þekktari en hver annar. Það eru allir frægir á Íslandi. Ég held að hvergi annars staðar í heiminum sé VIP röðin fjölmennari en al-



„NEI ÉG LÍT EKKI Á SJÁLFA MIG SEM FALLEGASTA MANN ÍSLANDS ...ÞEGAR EINHVER SVONA UMRÆÐA ER Í GANGI FINNUR MÓÐIR MÍN ALLTAF EINHVERJA ÞÖRF HJÁ SÉR AÐ HALDA MÉR NIÐRI Á JÖRÐINI.“

„ALGJÖR KELLING“

GYLFI EINARSSON ER EINN FREMSTI KNATTSPYRNUMAÐUR OKKAR ÍSLENDINGA. HANN BÝR Á ENGLANDI ÞAR SEM HANN LEIKUR MEÐ HINU FORNFRÆGA LIÐI LEEDS UNITED. SIRKUS RVK. SETTIST NIÐUR MEÐ ÞESSUM HÓGVÆRA TÖFFARA OG RÆDDI VIÐ HANN UM ÆSKUNA Í GETTÓINU, KVENHYLLINA, SJÁLFSAGANN OG FRAMTÍÐINA.

GYLFI KOM HEIM Á DÖGUNUM ÞEGAR HANN VAR MEIDDUR Á ÖXL. ÞÁ GAF HANN SÉR TÍMA TIL AÐ RÆÐA VIÐ BLAÐAMANN SIRKUSS.

SIRKUS MYND- HARI

menningsröðin á skemmtistöðunum. Það er mjög fyndið“

GET VERIÐ ALGJÖR KELLING

Gylfi er sjaldnast illa til fara og viðurkennir fúslega að hann spái í föt og tísku. „Ég get verið algjör kelling, ég viðurkenni það. Ófugt við marga aðra karlmenn þá játa ég það alveg að mér finnst gaman að versla mér föt. Það er samt ekki eins maður sé að missa sig eitthvað. Þetta má ekki koma niður á karlmennskunni.“

Gylfi er jákvæð fyrirmynd í samfélagi þar sem offita er orðið eitt helsta heilsuvandamálið. „Allt frá því ég var sextán ára hef ég spáð í mataræði. Eins og ég sagði þá var ég alltaf minnstur sem krakki og ég fór fljótlega að hugsa hvað ég léti ofan í mig. Ég vildi geta ýtt frá mér og gerði mér grein fyrir því að þetta er mikilvægur þáttur í að bæta sig í

fótboltanum. Ég væri ekki atvinnumaður ef ég hefði ekki spáð í þessa hluti.

Ég hef alltaf verið mjög frekar harður við sjálfan mig sem bæði getur verið kostur og galli. Ég er ekki mikið fyrir að klappa sjálfum mér á bakið. Ég á það til að fara ofboðslega í taugarnar á sjálfum mér þegar mér finnst ég ekki hafa spilað sem best. En þetta mikla skap hefur einnig orðið mér til framdráttar. Mér hefur alltaf tekist að rífa mig upp úr því mótlæti sem ég hef orðið fyrir. Þeir sterku halda alltaf áfram en hinir veiku hætta bara og gefast upp.“

HÖNNUN HEILLAR

Talið berst að framtíðinni. Oft er talað um að ákveðið tómarúm myndist hjá atvinnumönnum í knattspyrnu þegar ferlinum lýkur. „Auðvitað hef ég velt því fyrir mér hvað tekur við þegar knattspyrnu-

ferlinum lýkur. En ég er staðráðinn í að spila atvinnubolta eins lengi og ég get. Það má ekki vera stressa sig of mikið á því hvað bíður manns eftir ferillinn, þó svo að það sé mikilvægt að hafa eitthvað í bakhöndinni. En ef maður ætlar að vera í atvinnumennsku þarf maður að gera það 100%, annars kemur það niður á manni. *Hvað hefðir þú starfað ef atvinnumennskan hefði ekki orðið ofan á?*

„Ég held að ég hefði unnið eitthvað í sambandi við hönnun, líklega innanhúsráðgjafi eða eitthvað í þeim dúr. Allavega vil ég vinna við eitthvað skapandi. Ég held ég gæti aldrei verið í vinnu þar sem ég sæti allan daginn límdur fyrir framan tölvu.

Mér finnst gaman að skoða falleg hús og á mjög auðvelt með að gleyma mér í flottum húsgagnabúðum. Þetta hef ég örugglega í blóðinu því bæði pabbi og afi

hafa allt sitt líf verið í húsgagnabransanum.“

En gætirðu hugsað þér að þjálfari?

„Nei, ég held að það sé ólíklegt. Í augnblikinu sé ég ekki sjálfan mig sem þessa þjálfaratýpu, nema kannski að þjálfari krakka. Það er eitthvað sem ég veit ég hefði gaman að“

Koma tímar þar sem þú sérð eftir að hafa valið þér þetta starf?

„Ég sé ekki eftir neinu. Lífið er of stutt til þess. Mér bauðst að fara út í háskólanám til Bandaríkjanna þegar ég lauk stúdentsprófi á sínum tíma en afþakkaði. Auðvitað hefði það verið ákveðið öryggi falið í því að velja þá leið og næla sér í góða menntun. En það sem ég er að vinna við í dag er eitthvað sem mig er búið að dreyma um frá því að ég var smápolli.“

Hjörvar Hafliðason

EKKI LENGUR HREINN SVEINN

ÍSLANDSVINURINN WILLIAM HUNG

William Hung Hing Cheung, eða bara William Hung, maðurinn sem sló í gegn í þriðju Idol keppninni í Bandaríkjunum, kom hingað til lands fyrir rúmri viku í tilefni landsleiks Íslands og Noregs í handbolta sem fram fór í Vestmannaeyjum.

Sirkus Rvk hafði samband við þennan geðþekka dreng sem líklega er orðinn einn þekktasti asíska Bandaríkjaðurinn eftir að hafa slegið í gegn í Idol keppninni.

Vissirðu að þú værir þekktur hér á Íslandi? „Ég vissi ekkert við hverju mætti búast. Þetta var samt ótrúlegt,“ sagði Hung og átti þá við viðtökurnar í Smáralind sem voru frábærar. Hann tók tvö lög fyrir fólkið, annað þeirra var lagið She Bangs með Ricky Martin, lag sem hann hefur nánast gert að sínu.

Hung virkar á mann eins og einföld og góð sál sem vill allt fyrir alla gera. Þrátt fyrir það er hann afar illa liðinn af fjölmörgum af asískum uppruna í Bandaríkjunum sem komnir eru með ógeð á þeirri ímynd sem fólk hefur af þeim, að þeir séu allir lúðar og góðir í stærðfræði og tölvum.

Af hverju heldurðu að það séu ekki fleiri Asíubúar í Hollywood og í skemmtanaíðnaðinum yfir höfuð? „Ég held að því sé auðsvarað. Asíubúar kjósa að verða læknar, lögfræðingar eða verkfræðingar frekar en að reyna fyrir sér í skemmtanaíðnaðinum. En vonandi hefur mér tekist að kveikja áhuga einhverra.“

Hung lék nýlega í sinni fyrstu kvikmynd í Asíu og vonast eftir því að framhald verði á leiklistarferlinum.

Það var ekki hægt að sleppa þessum skemmtilega strák án þess að spyrja hann um kvennamálin. „Ég er á lausu. En ég átti kærustu fyrr á þessu ári.“ Aðspurður hvort hann sé ennþá hreinn sveinn hlær Hung: „Ég hef átt í þannig sambandi við stúlku. En langar ekki að fara nánar út í það.“

Hvernig finnst þér íslenskar stelpur? „Þær eru ágætar. Það eru fallegar konur úti um allan heim.“

Eftirnafn kappans, Hung, er afar vinsælt í klámmyndabransanum í Bandaríkjunum. Því var ekki úr vegi að spyrja William hvort hann væri vel hanginn? „Ég veit ekkert hvað ég get sagt um það,“ sagði Hung og hló vandræðalega.

Að lokum spyr ég hann hvort honum finnst hann hafa orðið þekktur á röngum forsendum? „Alls ekki. Ég er fyrst og fremst að skemmta mér og öðrum í leiðinni.“

-HH

HEFUR BÆTT Á SIGI!
WILLIAM HUNG – LJÚFA LÍFIÐ HEFUR TEKIÐ SINN TOLL.



ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ ÞÚ LOSAR ALDREI

Í BODI HJÖBBA KÁ



Þú ert álíka stæltur og Þorvaldur Davíð.



Þú bíður spenntur heima hjá þér á laugardagskvöldum eftir sunnudagsmogganum. Reykjavíkurbreifið er í sérstöku uppáhaldi.



Þú ert virkur meðlimur í Counterstrike klani.



Þú ert jafn brúnn og Jon Arne Riise.



Þér finnst ekkert að því að mæta í McDonalds vinnuskyrtunni á kæjann.



Þú ert alltaf í sömu nærbuxunum, af því að þú heldur að það sé „lucky“.



Kvikindið á þér er loðnari en bakið á fjallagórrillu.



Þú notar pikköpp línur eins og: „Hvað, stendur made in heaven inni í bolnum þínum?“



Þú þiggur tískuráleggingar frá Binna Strípu.

SIRKUS MYND – HEIÐA

BESTI VINUR PAPPÍRS PÉSA ER MÚRARI

MANSTU EKKI EFTIR MÉR?

„Það fylgdi þessu að sjálfsögðu mikil athygli, sum jákvæð önnur neikvæð. Ég fékk mikla athygli frá stelpum á þessum tíma og það dattu inn ástarbréf og svona,“ segir Kristmann Óskars-son, 26 ára gamall Kópavogsbúi sem lék aðalhlutverkið í kvikmyndinni um Pappirs Pésa árið 1990. Nú starfar Kristmann sem múrari og gæti ekki hugsað sér að leika aftur í framtíðinni.

Í Pappirs Pésa lék Kristmann landsbyggðardrenginn Magga sem var nýfluttur í bæinn. Maggi var einmanna því hann þekkti engan í bænum. Einn daginn teiknar hann ímyndaðan

vin á blað. Þau undur og stórmerki áttu sér stað að pappirs- strákurinn lifnaði við. Maggi ákvað að skíra nýja vin sinn Pappirs Pésa. Saman lentu þeir í ótrúlegum ævintýrum.

„Það var alveg nóg að gera þessa einu mynd. Ég flutti burt úr bænum þegar ég var 12 eða 13 ára upp á Snæfellsnes þar sem ég var í sveit á sumrin. Þótt liðin séu 15 ár frá því að myndin var gerð man ótrúlega mikið af fólki eftir mér. Það er fullt af fólki sem heilsar úti á götu og heldur að það þekki mig. Svo ef maður kíkir eitthvað út á lífið eru alltaf einhverjir sem vilja spjalla um Pappirs Pésa.“

-HH



KRISTMANN ER HÆTTUR Í LEIKLISTINNI OG FARINN AÐ MÚRA.

SIRKUS MYND – VILHELM



15% afsláttur
af öllum úlpum til jóla.



www.66north.is

REYKJAVÍK: Kringlan – Smáralind – Bankastræti 5 – Faxafen 12 GARDABÆR: Miðhraun 11 – AKUREYRI: Glerárgata 32

Klæddu þig vel

EKKI NÆGUR STUÐNINGUR VIÐ UNGA HÖNNUÐI

FINNA ER UNGUR HÖNNUÐUR Á UPP-
LEIÐ MEÐ NÓG FYRIR STAFNI. HÚN
SEGIR ENGU AÐ SÍÐUR AÐ ÞAÐ SÉ
ERFITT AÐ VERA HÖNNUÐUR HÉR Á
LANDI OG FAGIÐ AFSKIPT AÐ MIKLU
LEYTI. SIRKUS RVK TÓK HÚS Á FINNU.

„Að vera hönnuður á Íslandi er frekar strembið,“ segir Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir hönnuður, betur þekkt sem Finna. „Það er enginn stuðningur við mann þegar maður útskrifast. Við fáum heldur enga vinnureynslu hjá öðrum hönnuðum meðan á námi stendur,“ segir Finna. Hún útskrifaðist árið 2004 úr Þrívíðri hönnun frá Listaháskóla Íslands og hefur starfað við það síðan. „Þú þarft að búa til þín eigin verkefni, og þar á meðal þín eigin tækifæri, og klifra þannig upp metorðastiga sem hönnuður. Margir sem hafa útskrifast sem hönnuðir hér heima byrja að vinna fulla vinnu eftir útskrift og ætla svo að reyna að hanna í frítíma sínum sem er mjög erfitt. Þá notar þú menntun þína sem áhugamál,“ segir Finna. „Í Hollandi, til dæmis, er stutt við námsmenn. Þar er allt umhverfið hönnunarvænt og við útskrift fá nemendur styrki og verðlaun svo að þeir geti stundað þetta af einhverju viti. Hérna heima er mjög dýrt og erfitt að búa til frumgerðir, það er ekki beint hægt að keppa við fjöldaframléiðsluna í Kína,“ segir Finna.

„Fólk er ekki alveg að átta sig á því hvað það liggur mikil vinna bak við góða hönnun. En mér finnst að Ísland ætti að þora að taka þá stefnu að skapa sér sterka sérstöðu, með góðri íslenskri hönnun.“

EN HVAD HEFUR ÞÚ VERIÐ AÐ GERA SÍÐAN ÞÚ ÚTSKRIFAÐIST?


„Ég hef farið til Mílanó tvisvar með einum af nokkrum hönnunarhópum sem ég er starfandi í, sá hópur heitir *Takk fyrir síðast* sem er einmitt nafnið á nýju heimasíðunni okkar ef ég má troða því inn. En þælingin hjá okkur gengur út á að gefa fólki hugmyndir sem það getur síðan hannað út frá. Þannig gerum við notendur að framleiðendum okkar. Fyrir þremur árum gerðum við blað, en núna gerðum við hljómplötu með einni hugmynd á. Svo er ég í öðrum hönnunarhópi þar sem verkefnið heitir Vík Prjónsdóttir. Þar erum við fimm hönnuðir sem sameinuðum krafta okkar við fyrirtækið Víkurprjón en það verður selt í KronKron og í búð Þjóðminjasafnsins. *Borðið* er svo annað glænýtt verkefni sem ég og Brynhildur Pálsdóttir vorum að starta. Það er veisluþjónusta þar sem við tökum að okkur að sérhanna veitingar fyrir veislu, og þannig sköpum við ákveðna stemmningu með því að sérhanna veitingar fyrir hverja veislu. Við gerðum þetta einmitt í fyrsta sinn á Grasrótarsýningunni.“ Við mjög góðar undirtektir veit blaðamaður því hann var einmitt staddur þar. „Svo er það *Nýló hangsið*, þar vorum við tveir hönnuðir og tveir myndlistarmenn að verki, sem vorum fengin til að hanna fjölnotarými fyrir Nýlistasafnið,“ segir Finna sem hefur nóg á prjónunum þrátt fyrir erfitt vinnuumhverfi hönnuða hér á landi.

-KRV

VERKIÐ VÍK PRJÓNSDÓTTIR. HÖNNUÐIR ERU
GUÐFINNA MJÖLL MAGNÚSDÓTTIR, EGILL KALEVI
KARLSSON, HRAFNKELL BIRGISSON OG ÞURÍÐUR
RÓS SIGÞÓRSDÓTTIR.

JÓLAGJÖFIN Í ÁR

ER LENGSTI DVD DISKUR SEM GEFINN HEFUR VERIÐ ÚT Á ÍSLANDI



SAMTALS
TÆPLEGA 4 KLST.
AF FRÁBÆRU
GRÍNI OG
GLENSI.

160 MÍNÚTUR AF AUKAEFNI

Brot úr Extreme sýningunni (30 mín) • Brot úr Stöðvar 2 sýningu í Iðnó (11 mín) • Sjónvarpsauglýsingarnar (2 mín)
Baksviðs í viðtölum, þ.á.m. hjá Strákunum (27 mín) • Brot úr landsbyggðarsýningum (15 mín) • 5 skólar heimsóttir (18 mín)
Brot af því besta frá sýningum á Broadway í september 2004 (57 mín) • Ljósmyndasafn



Splunkuný og áður óséð heimildar- mynd um ótrúleg ævintýri fyndnasta gríndávalds heims á Íslandi. Brot af því besta úr sýningum hans héraðs og viðtöl við fjölmarga Íslendinga sem tekið hafa þátt í sýningunum, um hvernig lífsreynsla það er að verða að stjörnu, koldáleidd uppi á sviði fyrir framan fjölda fólks. Auk þess yfir tveir tímar af krassandi og áður óséðu aukaefni.



FÁANLEGUR Í VERSLUNUM BT UM LAND ALLT.



**„SVO KOM UPP ÞESSI PRUFA FYRIR LEIK-
LISTARSKÓLA Í LONDON OG ÓLI VINUR
MINN DRÓ MIG Í HANA OG ÉG KOMST INN.
EFTIR ÞAÐ VARÐ EKKERT TIL BAKA SNÚÐ
OG ÉG HUGSAÐI MEÐ MÉR HEI, KÚL, FRÁ-
BÆRT, ÉG ER AÐ FARA AÐ GERA ÞETTA.“**

ÍSGERÐUR ELFA GUNNARSDÓTTIR ER EINHVER EFNILEGASTA LEIKKONA OKKAR ÍSLENDINGA. NÚ FER HÚN MEÐ HLUTVERK Í TVEIMUR SÝNINGUM Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU EN HÚN VAR RÁÐIN ÞANGAÐ Í HAUST. ANNARS VEGAR ER ÞAÐ SÝNINGIN FRELSI OG HINS VEGAR BARNLEIKRITIÐ LEITIN AÐ JÓLUNUM. ÍSGERÐUR LÆRÐI LEIKLIST Í LONDON ÞAR SEM HÚN FÓR GJARNAN Í LANGAR FERÐIR MEÐ STRÆTISVÖGNUM BORGARINNAR OG SKOÐAÐI SIG UM. ÍSGERÐUR ER UNG OG ÓLOFUÐ KONA Á UPPLIÐ.

DREGIN Í PRUFU Í LEIKLISTARSKÓLA

HVAÐ SEGIRÐU GOTT?

„Ég segi allt það fína. Er að búa mér til boozt-drykk“

VARSTU EKKI AÐ KOMA NÚNA AF SÝNINGUNNI „LEITINNI AÐ JÓLUNUM“?

„Jú, ég var bara að klára. Leikritið er bara klukku-tími á lengd.“

ER HLUTVERKIÐ STÓRT SEM ÞÚ LEIKUR Í ÞVÍ LEIKRITI?

„Neinei. Þetta er bara svona smáhlutverk“.

SÍÐAN ERTU LÍKA AÐ LEIKA Í FRELSINU. ER EKKI ERFITT AÐ VERA AÐ LEIKA Í TVEIMUR LEIKRITUM Á SAMA TÍMA OG SKIPTA ALLTAF UM KARAKTER?

„Það er bara mjög gaman. Varðandi það að skipta um karakter þá finnst mér það ekkert erfitt. Ég er ekki lengi að búa mér til karakterinn. Hins vegar finnst mér ég alltaf vera að skipta um fót. Það er bara það.“

ÞÚ LÉKST Í MYNDINNI STRÁKARNIR OKKAR, ER ÞAÐ EKKI?

„Jú, ég lék Sigurbjörgu. Mér var aðallega sagt að þegja allan tímann. Þetta varð af hálfgerðum húmor á settinu. Það voru alltaf allir að segja öllum að þegja.“

FANNST ÞÉR ÞAÐ SKEMMTILEGRA EN AÐ VERA Á SVIÐI?

„Mér finnst hvort tveggja mjög skemmtilegt en það er náttúrulega svo rosalega ólíkt. Það sem mér fannst gaman við bíó voru smáatriðin, leikhúsið er einhvern veginn miklu stærra fyrirbæri. Í bíói geturðu unnið rosalega mikið með smáatriðin, t.d. getur eitt augnaráð orðið ótrúlega stórt sem er í rauninni erfðara að gera í leikhúsi vegna þess að það er ekki víst að einhver taki eftir því. Fólk ræður í rauninni hvað það er að horfa á í leikhúsi en það sjá allir sömu bíómyndina.“

MUNDIRÐU ÞÁ FREKAR VILJA VERA KVIKMYNDALEIKKONA EN SVIÐSLEIKKONA?

„Ég mundi vilja gera bæði. Mér finnst hvort tveggja alveg ógeðslega skemmtilegt. Ég mundi alveg vilja leika í annarri bíómynd. Það er náttúrulega takmarkaður markaður fyrir bíómyndir hér á landi, það eru svo fáar bíómyndir gerðar. En mér finnst hvort tveggja mjög skemmtilegt á sinn hátt. Í leikhúsi heyrir þú viðbrögðin, þú veist hvað fólk er að fíla og hvað það er ekki að fíla. En í bíói veistu ekki viðbrögðin jafn vel, nema þú ætlir að mæta á hverja einustu bíó-sýningu.“

ERTU BARA AÐ LEIKA EÐA ERTU AÐ GERA EITTHVAÐ FLEIRA?

„Það er ekki svo langt síðan ég var að leikstýra leikritinu Mávahlátri fyrir Leikfélag Mosfellsbæjar.“

HVERNIG ER AÐ LEIKSTÝRA?

„Það er virkilega gaman. Ég hef leikstýrt tvisvar núna. Mávahlátur og í fyrra leikstýrði ég leikritinu Douglas Douglas fyrir Leiklistarfélag Verslunarskólans. Það er gaman að prófa sig áfram. Sem leikari skilur maður sína list betur eftir að hafa verið leikstjóri.“

HEFUR ÞIG ALLTAF LANGAÐ TIL AÐ VERA LEIKKONA EÐA BARA KOM ÞETTA?

„Bæði og. Ég held að alla langi til að vera leikari á einhverjum tímamarki í lífinu. Mig langaði það alveg dáið lengi en þorði ekki að viðurkenna það. Svo kom upp þessi prufa fyrir leiklistarskóla í London og Óli vinur minn dró mig í hana og ég komst inn. Eftir það varð ekkert aftur snúið og ég hugsaði með mér hei, kúl, frábært, ég er að fara að gera þetta.“

HVERNIG VAR LONDON?

„Það var rosalega skemmtilegt. Ég sakna alltaf London.“

ÞÚ VARST ALVEG ÁSTFANGIN AF LONDON?

„Já, eiginlega. Ég á náttúrulega svo góða vini þar og þeir eru alltaf að spyrja mig hvenær ég komi aftur. Það blundar alltaf í mér að fara þangað aftur. London er líka þannig að maður er alltaf að uppgötva nýja staði og ný hverfi. Ég settist oft í strætó og fór bara eitthvert. Bara til að tjekka á borginni og athuga hvert ég mundi fara.“

SETTISTU BARA INN EINHVERN STRÆTÓ OG FÓRST BARA Á RÚNTINN?

„Já. Maður átti oft ekki mikinn pening. Sérstaklega ef ég var ein og langaði bara til að fara eitthvert. Þá var ógeðslega gaman að bara hoppa í næsta strætó og fara bara eitthvert. Sjá nýtt hverfi og nýtt fólk. London er nokkurn veginn eins og mörg lítil þorp þannig að mér fannst mjög skemmtilegt að fara bara eitthvert út í buskann með strætó.“

ER EITTHVAÐ ANNAÐ SEM ÞÚ HEFUR GAMAN AF FYRIR UTAN AÐ LEIKA?

„Það fyrsta sem mér dettur í hug er tónlist.“

HVERNIG TÓNLIST HLUSTARÐU Á?

„Ég er svo mikil ætla á tónlist. Það er auðveldara að segja hvað ég hlusta ekki á. Mér finnst techno-tónlist ekkert skemmtileg eða þungarokk. Nokkurn veginn allt annað finnst mér vera skemmtilegt.“

DÆMI?

„Ég tek svona tímabil. Stundum hlusta ég bara á sixties-tónlist, stundum hlusta ég bara á hiphop. Það er voða misjafnt. Allt í einu langar mig bara að hlusta á Hauk Morthens. Þetta kemur í köflum.“

ERTU BYRJUÐ AÐ UNDIRBÚA JÓLIN?

„Nei, eiginlega ekki. Ég á allt það helsta eftir. Ég þarf að fara að leggjast í jólakortaföndur bráðum. Ég reyndar gerði það í fyrsta skipti í fyrra.“

BAKARÐU EKKI LAUFABRAUÐ?

„Nei, en ég hef einhvern tímann gert það. Ég, mamma og systir mín reynum samt að baka alltaf eitthvað um jólin“

ERTU 101 ROTT AINS OG MARGIR AÐRIR LEIKARAR?

„Ég bý allavega í 101 núna í dag. Eftir að ég kom frá London bjó ég hjá mömmu og pabba í Hafnarfirðinum og þó að hann sé alveg æðislegur finnst mér rosalega þægilegt að labba í vinnuna. Ég á ekki bíl þannig að ég labba langflest sem ég fer. Sem krakki ólst ég upp í Vesturbænum og er algjör Vesturbæingur þannig að mér finnst það bara fínt að búa þar sem ég bý núna.“

LABBARÐU ÞÁ ALLT SEM ÞÚ FERÐ?

„Já, mér finnst það fínt. Mér finnst líka æðislegt að labba niður Laugaveginna snemma að morgni og sjá lífið kvikna. Að sjá búðirnar þegar þær eru að opna og sjá daginn byrja.“

BYRÐU EIN?

„Nei, ég bý með æskuvinkonu minni Ólöfu sem er tónlistarmaður. Hún er í tónlistarferðalagi núna með hljómsveitinni múm þannig að ég er bara ein heima núna.“

EN ERTU Á LAUSU?

„Já, ég er á lausu.“

ER ÞÁ DRAUMAPRINSINN EKKI ENNÞÁ KOMINN?

„Hann er allavega ekki búinn að banka upp á.“

-ÓHÓ



UNGFRÚ GUYANA ÁRIÐ 2003, ALEXIS GLASGOW, ER EIN FALLEGASTA TENGDAÐÓTTIR OKKAR ÍSLENDINGA UM ÞESSAR MUNDIR. ALEXIS ER GIFT ÞÓRODDI SVERRISSYNI, FLUGMANNI, EN HÚN KYNNTIST HONUM ÞEGAR HÚN VANN SEM FLUGFREYJA Í HEIMALANDI SÍNU. ALEXIS BÝR HÉR Í REYKJAVÍK OG GETUR VEL HUGSAÐ SÉR AÐ VERÐA LEIKSKÓLAKENNARI HÉR Á LANDI

Guyana er land í Suður-Ameríku með tæplega milljón íbúum. Guyana var áður fyrir hluti af breska heimsveldinu. Landið hefur landamæri að Brasilíu, Venesúela og Súrínam.

Árið 2003 var Alexis Glasgow krýnd ungrú Guyana og keppti síðar í ungrú Alheimur. Eins og tíðkast gjarnan með íslenskar feðurárdrottningar varð Alexis mjög þekkt í heimalandi sínu og myndir af henni prýddu öll blöð í heimalandinu. „Ég veit ekki hvort ég er mjög fræg en fólk veit hver ég er. Ég man eftir því að hafa heimsótt námuverkamenn heima í Guyana og sá myndir af mér í sundfötum inni á kaffistofunni. Það var frekar sérstakt,“ segir Alexis, sem er 24 ára gömul, og hlær.

ALSÆL Á ÍSLANDI

Í upphafi þessa árs kynntist hún Þóroddi Sverrissyni, flugmanni. Hún vann sem flugfreyja hjá flugfélagi þar sem Þóroddur starfaði sem flugmaður. Þau giftu sig hér á landi í september. Hún segist alsæl hér á landi. „Íslendingar hafa tekið mér með opnum örmum og það er líklega aðalástæðan fyrir því að ég hef ákveðið að gera Ísland að mínu heimalandi.“

Eins og áður sagði starfaði hún sem flugfreyja í heimalandinu en hún hefur ekki hugsað sér að halda því áfram. „Ég held að það myndi ekki ganga upp því maðurinn minn er flugmaður. Ég hef ekki ákveðið hvað það er sem mig langar að gera í framtíðinni en ég gæti hins vegar vel hugsað mér að verða leikskólakennari.“

BÖRNIN BENDA

Kynþáttafordómar í íslensku samfélagi er ört vaxandi vandamál á Íslandi. Alexis segist ekki hafa orðið vör við þá hér á landi. „Ég hef ekki orðið fyrir neinu slíku. Lítil börn benda stundum á mig og finnst eflaust bara gaman að sjá einhvern sem lítur öðruvísi út en allir aðrir.“

„Ég þekki ekki marga hér á landi enn sem komið er en þó er ég ekki einmana. Vinir Þórodds eru vinir mínir í dag. Þá hitti ég stúlkuna sem tók þátt í ungrú Alheimi fyrir Íslands hönd árið 2003 (Regínu Diljá Jónsdóttur) í Smáralind fyrir algjöra tilviljun. Það var mjög skemmtilegt.“

Hvað er svona það „Íslenskasta“ sem þú hefur gert frá því þú komst hingað til lands. „Ætli það hafi ekki verið þegar ég var í sláturgerð fyrir nokkrum vikum.“

Áttu þinn uppáhalds íslenska mat? „Já, plokkskur. Finnst hann alveg rosalega góður.“


En hvað með tónlist og einhverja íslenska sjónvarpsþætti? „Skítamóral,“ segir Alexis án þess að hika. „Ég elska lagið þar sem hænurnar eru í myndabandinu. Og líka nýja lagið“ segir Alexis og blaðamaður syngur, „...því hún, hún tundraði ljósið“ fyrir suður-amerísku stúlkuna sem hafði gaman af, ótrúlegt en satt.

„Af íslensku sjónvarpsfólki held ég mest upp á Silvíu Nótt. Hún er alveg frábær. Ég þarf ekkert að skilja íslensku til að hafa gaman af henni. Og þá finnst mér Sírý flott kona. Hún ber sig glæsilega.“

-HH

PLOKKFISKUR, SILVÍA NÓTT, SIRRÝ OG SKÍTAMÓRALL Í SÉRSTÖKU UPPÁHALDI

Hefurðu keypt þér eitthvað sætt nýlega?



Ertu nokkuð að missa af bestu kaupum ársins?

Draumaveröld kaupalkans,
meinfyndin og sönn í senn.

Geggjuð bók fyrir skvísur!
Skvísaðu einni í jólapakkann!



sixtyseven®
boots & shoes



skór.is

KRINGLAN ■ SMÁRALIND

www.skor.is

www.skor.is

ADDA VS SÓLEY

SNÚÐARNIR KLJÁST

ÞRIÐJA LOTAN Í SNÚÐASLAGI SIRKUS ER BYRJUÐ OG ÞETTA ER ORÐIÐ BLÓÐUGT. NÚNA ERU ÞÆR PLÖTUSNÚÐASTELPUARNAR ADDA OG D.J. SÓLEY SEM ÆTLA AÐ KLJÁST VIÐ HVOR AÐRA Í KEPPNI UM HVER ER GÁF- AÐASTI PLÖTUSNÚÐUR LANDSINS..

1. HVER FLUTTI LAGIÐ NEVERENDING STORY ÚR SAMNEFNDRI KVÍK- MYND FRÁ 1984?

Adda: Limahl.

Sóley: Ahh....ég er ekki svo góð í dag.

2. HVAÐ HEITIR SÓLÓPLATA GWEN STEFANI SEM HÚN GAF ÚT Á DÖG- UNUM?

Adda: Me, Myself and Gwen. Veit ekki.

Sóley: Arrrggg....ég á að vita þetta.

3. HVAÐ BANDARÍSKI SÖNGVARI VAR SKOTINN AF PABBA SÍNUM ÁRIÐ 1984?

Adda: Oh my god. Veit það ekki

Sóley: Guð. Þetta veit ég ekki

4. LAGIÐ ICE ICE BABY MEÐ VANILLA ICE VAR „SAMPLAÐ“ AF ÖÐRU LAGI SEM KALLAST „UNDER PRESSURE“. HVERJIR SUNGU ÞAÐ LAG?

Adda: Queen og David Bowie

Sóley: Queen og David Bowie

5. „LOVE ME. LOVE ME SAY THAT YOU LOVE ME....“. ÞESSI TEXTI ER Í LAGINU LOVEFOOL SEM VARÐ VINSÆLT ÁRIÐ 1997. HVAÐ HEITIR BANDIÐ SEM FLUTTI ÞETTA LAG?

Adda: Cardigans mar.

Sóley: Cardigans

6. HVERNIG DÓ LISA LEFT EYE LOPEZ?

Adda: Í bílslys

Sóley: Í bílslysi

7. HVAÐA HLJÓMSVEIT GERÐI LAGIÐ „GROOVE IS IN THE HEART“?

Adda: Dee- Lite

Sóley: Þetta er Dee – Lite

8. HVER SYNGUR MEÐ KANYE WEST Í LAGINU „GRAVE DIGGER“?

Adda: Hann héna leikarinn Jamie Foxx

Sóley: Það er Ray Charles

9. HVAÐA LAG ER 90'S KLÚBBDROTTNING CRYSTAL WATERS FRÆGUST FYRIR?

Adda: Fyrir lagið Gypsy Woman.

Sóley: Gypsy Woman

10. Í HVAÐA ÍSLENSKU DANSHLJÓMSVEIT VAR SVALA BJÖRGVINSDÓTTIR Í BYRJUN 10. ÁRATUGSINS?

Adda: Oh man. Man ekki hvaða hljómsveitin heitir. Ég man hvaða lag þau gáfu út en hvað bandið heitir...

Sóley: Þetta veit ég. Það er hljómsveitin Scope

11. HVER SENDI FRÁ SÉR PLÖTUNA HARVEST MOON?

Adda: Neil Young

Sóley: Neil Young

12. HANN SENDI FRÁ SÉR LAGIÐ WINDOWLICKER FYRIR NOKKRUM ÁRUM . HVAÐ HEITIR HANN?

Adda: Aphex Twin

Sóley: Aphex Twin

13. HVAÐ HEITIR FYRSTA PLATA HLJÓMSVEITARINNAR PORTISHEAD?

Adda: Það er Dummy

Sóley: Þetta á ég að vita. Man ekki hvað hún heitir.

14. FRÁ HVAÐA LANDI ERU HLJÓMSVEITIRNAR AIR OG DAFT PUNK?

Adda: Frá Frakklandi

Sóley: Frakklandi

15. HVAÐ ER MISSY ELLIOT GÖMUL? A. 31 B. 34 C. 37

Adda: Wow. Ég segi að hún sé 34 ára.

Sóley: Ég skýt á að hún sé 34 ára.

Sigurvegurinn í þriðju lotu Snúðakeppni Sirkus er hún Adda sem sigraði með 12 stigum á móti Sóley sem var með 10 stig rétt. Í tilefni þess verður Adda að spila með Eddu vinkonu sinni á Kaffibarnum í kvöld. Fylgist með í næstu viku þar sem plötusnúðar Reykjavíkurborgar verða að „battla“ fram í rauðan dauðann.



SVÖR:

1. Limahl 2. Love Angel Music Baby 3. Marvin Gaye 4. Queen og David Bowie 5. The Cardigans 6. Hún dó í bílslysi 7. Dee – Lite 8. Jamie Foxx 9. Gypsy Woman 10. Scope 11. Neil Young 12. Aphex Twin 13. Dummy 14. Frakklandi 15. 34 ára.

SKVÍSUBÓK GERIR ALLT VITLAUST

Bókin Draumaveröld Kaupalkans er bók sem er ansi vinsæl hjá konum þessa dagana. Þar bregður lesandinn sér í verslunarreisu með sögupersónunni Rebeccu Bloomwood og fær að kynnast ástum hennar og örlögum. Bókin er sú fyrsta af nokkrum metsölubókum um konu sem býr í hjörtum vel flestra kvenna. Bókin fjallar um Rebeccu sem er fjármála- blaðamaður án þess að hafa nokkuð sérstakt vit á fjármálum sem slíkum. Hún er meira fyrir að eyða peningum í verslunarferðum en að spara þó svo að hún reyni



að gera hvort tveggja í senn, án árangurs. Þetta endar að sjálf- sögðu á einn veg og Rebecca þarf að mæta örlögum sínum. Það var Ragnheiður Bjarnadóttir sem þýddi

bókina en Salka gefur hana út. Eflaust geta margar íslenskar konur fundið sjálfa sig í Rebeccu. Kaupðóir lygalaupar búa líklegast í okkur stelpunum inn við beinið.

-KRV



SMÁRALIND KONUR EIGA TIL AÐ TAPA SÉR MEÐ VESKID Í VERSLUNARMIDSTÖÐINNI SEM LÍKIST LILLEMANN.



SKARTGRIPIR

Hverjum áttu að gefa skartgrip? Tvímælalaust öllum konum, á öllum aldri. Demantar eru bestu vinir stúlkna, og þeir eru eilífir. Einnig getur verið sniðugt að gefa drengjum í úthverfum Reykjavíkur sem halda að þeir búi í Brooklyn skartgrip. Bling, bling. Einnig virðast litlu demants-eyrnalokkarnir aldrei ætla að fara úr tisku hjá ungum hnökkum og er það vel. Enda margir hverjir asskoti huggulegir. Eða?

Hverjum áttu ekki að gefa skartgrip? Frænku þinni sem ákvað þegar hún var fjögurra ára að verða bifvélavirki. Einnig hafa ljótir strákar ekkert að gera við skartgrip því þeir verða enn ljótari vopnaðir gullkeðjum.

Kostir: Það er völlum á þér ef þú gefur maka þínum skartgrip. Það er persónuleg gjöf sem gaman er að monta sig af. Ólíkt bók verður skartgripur ekki óáhugaverður eftir annan í jólum.

Gallar: Þeir eru oft háðir tiskubylgjum, að demöntum undanskildum. Það sem var töff í fyrra, getur verið ógeð í ár. Þrátt fyrir að hafa kostað 378 þúsund krónur, án vsk.



ÞAÐ SEM AÐ GEFA Í JÓ

ÞAÐ GETUR OFT VERIÐ HREINT HELVÍTI KRINGUM HÁTÍÐ LJÓSS OG FRÍÐAR AÐ FINNA RÉTTU JÓLAGJÖFINA. Á ÞORLÁKSMESSU ÞYRMIR OFT YFIR FÓLK OG ÞAÐ VEIT EKKERT HVAÐ ÞAÐ Á AÐ KAUPA HANDA SÍN-UM NÁNUSTU. EFTIR LESTUR ÞESS-ARAR OPNU ÆTTI ÞETTA EKKI AÐ VERA NEITT VANDAMÁL. SIRKUS LEIÐBEINIR ÞÉR Í LEITINNI AÐ RÉTTU JÓLAGJÖFINNI.

DVD-DISKAR

Hverjum áttu að gefa DVD-disk? Unglingnum í fjölskyldunni og þurrkaða alkanum sem keypti sér heimabíó fyrir brennivinspeningana. Einnig getur verið sniðugt að gefa börnunum eitt-hvað skemmtilegt eins og *Emil og grísinn* eða *Shrek 2*.

Hverjum áttu ekki að gefa DVD-disk? Mómmu þinni sem kann ekki einu sinni að nota textavarpíð á sjónvarpinu, veit ekki hvað skartengi er og kann ekki að setja íslenskan texta á myndirnar.

Kostir: Það er hægt að gefa veglegar DVD-gjafir eins og *Godfather*-safnið, *Terminator*-safnið eða allar *Lífsmýndirnar* eftir Þráni Bertelsson. Svo ekki sé minnst á *Rocky*-safnið sem er troðfullt af aukaefni. Gjóf sem þú átt alla ævi.

Gallar: Sumar myndir eru góðar í fyrsta sinn sem þú sérð þær en síðan ekki söguna meir. Þá er súrt að geta ekki bara skilað henni út á vídeóleigu og þurfa þess í stað að sitja uppi með hana í hillunni heima.



FÖT

Hverjum áttu að gefa föt? Þú gefur hiklaust ungbarninu föt. Passaðu þó að þau séu nægilega stór því þessi litlu kríli vaxa hraðar en lúpínur. Einnig getur verið ágætt að velja einhvern sætan kjól á kærustuna eða flottan leðurjakka á kærastann.

Hverjum áttu ekki að gefa föt? Frænda þínum sem fitnaði um 18 kíló þegar hann var að vinna í ísbúðinni í sumar. Hann á örugglega eftir að hrista þau af sér fljótlega eftir áramót. Þá hefur hann ekkert að gera við föt sem eru eins og segl utan á honum.

Kostir: Það er gott að gefa einhverjum sem kann ekki að klæða sig finnar spjarir. Vonandi að hann læri bara af því eftir að hafa fengið forsmekkin.

Gallar: Það getur verið rosalega erfitt að velja eitthvað sem hinum aðilanum líkar. Smekkur manna breytist fljótt og geta skapast mörg vandræðaleg augnablik þegar rífið er utan af pökknum ef aðilanum líkar ekki það sem þú gafst honum. Hvað þá ef hann passar ekki í fötin. Sérstaklega viðkvæmt hjá konum.




GEISLADISKAR

Hverjum gefurðu hann? Mamma þín hefur gaman af því að fá geisladisk. Hugsanlega þrefalda safndiskinn hans Bó Halldórs eða *Þú átt mig ein* með Óskari Péturssyni. Hentar einnig vel til þess að gefa systkinum þínum.

Hverjum gefurðu hann ekki? Það er ekkert voðalega sniðugt að gefa maka þínum geisladisk. Ekki nema hann fylgi með einhverju öðru og hafi einhverja sérstaka meiningu fyrir ykkur tvö, tvo eða tvær.

Kostir: Þetta er að mörgu leyti pottþétt gjöf. Ef sá sem þú gefur diskinn er óánægður getur hann hæglega farið og skipt honum fyrir annan disk sem hann langar í. Ólíkt því ef þú myndir kaupa buxur á frænda þinn í Sautján en hann vill ekki ganga í neinu nema Jack & Jones, þá finnur hann kannski ekkert við sitt hæfi í Sautján. Þá er betra að gefa honum disk með Justin Timberlake sem hann getur skipt í Nickelback. Auk þess er verið oft hentugt.

Gallar: Þeir eru mjög ópersónuleg gjöf, ekki nema þú gómir listamanninn við að árita hann. Hver myndi ekki vilja fá áritaðan disk frá Herberti Guðmundssyni?



SIGURÐUR PÁLMI OG SINDRI SINDRASON ERU BÖRN MILLJÓNAMÆRINGA



HVAÐ Á AÐ GEFA BÖRNUM MILLJÓNAMÆRINGA?

ÞAU EIGA ALLT

Faðmág

Þú setur ekki verðmiða á innlegt faðmág.



Músastiga

Hver slær hendinni á móti meistaraferki úr kreppappír?



Ljóð

Ríftu úr þér hjartað með nokkrum línum sem eru meira virði en allir heimsins aurar.



Kerti og spil

Í það minnsta.



Sparibauk

Getur byrjað að safna eigin auð.



ÞÚ ÁTT ÓLAGJÖF

BÆKUR

Hverjum áttu að gefa bók? Pottþétt ömmu þinni og afa. Þau eru gömul og vilja sjúga í sig fróðleik áður en þau skilja við. Gáfaði frændi þinn hefur líka alltaf gaman af því að fá bók. Auk þess er í raun hægt að finna bók handa við flestra hæfi.



Hverjum áttu ekki að gefa bók? Unglingnum í fjölskyldunni. Hann vill frekar vera á My Space og kynna vinum í Hollandi sem hafa áhuga á fyrstu persónu skotleikjum.

Kostir: Það er gefandi að lesa. Það fer ekkert á milli mála. Sá sem er vel lesinn hefur ráð undir rífi hverju. Fallegar og gáfulegar bækur líta líka vel út í hillunni. Auk þess er hann vel settur ef ísöld riður yfir. Þá getur hann hæglega brennt bækur til að ylja sér.

Gallar: Leiðinlegar bækur sem þú nennir ekki að skipta, taka ógeðslega mikið pláss. Þegar þú ætlar svo að flytja þarftu að pakka þessu helvíti ofan í kassa. Það er leiðinlegt. Auk þess er tímafrekt að lesa.

TÖLVULEIKIR

Hverjum áttu að gefa tölvuleik? Einhverjum unglíngi af þumalputtakynslóðinni sem nýtur þess að hanga heima og hamast á fjarstýringunni. Einnig er skynsamlegt að gefa 34 ára Star Trek-lúða tölvuleik.

Hverjum áttu ekki að gefa tölvuleik? Stelpum. Þær fatta vel flestar ekki tölvuleiki og nota tímann í eitthvað annað álíka gáfulegt. Gamalmenni hafa auk þess ekki neitt að gera við tölvuleiki þegar þau eiga nógu erfitt með bílskúrshurðaopnarann sinn.

Kostir: Tölvuleikir eru ótrúlega góð barnapía. Meirihluti barna í dag er alinn upp af Playstation 2 tölvum, aðallega fyrstu persónu skotleikjum. Þú getur slakað á og gleymt þér meðan börnin spila tölvuleiki.

Gallar: Þeir krakkar sem hanga allan daginn yfir tölvuleikjum eru oftast ekki dæmdir til þess að verða undir í lífinu. Annaðhvort þjást þeir af offitu vegna hreyfingaskorts, eða þá að fyrstu persónu skotleikirnir brengla síðferðiskennd þeirra.



EFTIRMINNILEGASTA JÓLAGJÖFIN

ÞAÐ ER ALLTAF GAMAN AÐ FÁ JÓLAGJÖF ÞEGAR MAÐUR ER LÍTILL KRAKKI. ÞEGAR MAÐUR VERÐUR ELDRI VIRÐIST DÝRÐARLJÓMI JÓLANNA OFT Á TÍÐUM DOFNA. ÞAÐ ER EKKI EINS ERFITT AÐ BÍÐA EFTIR AÐ KLUKKAN SLÁI SEX Í DAG OG ÞAÐ VAR HÉRNA Í GAMLA DAGA. ÞAÐ ER ÞÓ EITTHVAÐ SEM SITUR EFTIR FRÁ ÞEIM JÓLUM ÞEGAR VIÐ SEM SMÁFÓLK VORUM MEÐ NIÐURGANG AF SPENNINGI.



HJÖRÐÍS ALDA HREIÐARSDÓTTIR, 19 ÁRA
Það var árskort sem ég fékk í fyrra frá World Class, ég fékk það frá World Class út af einhverri svona spurningu í DV.



ALDÍS GUÐBRANDSDÓTTIR, 19 ÁRA.
Ætli það sé ekki Barbíehúsið mitt sem ég fékk frá foreldrum mínum þegar ég var átta ára.



ÞRÁNDUR GÍSLASSON, 17 ÁRA
Ég fékk rosalega skemmtilegt jólakort frá vini mínum í fyrra, það stendur upp úr.



GUÐBRANDUR JÓHANNESSON, 19 ÁRA.
Það var þegar ég fékk snjóbretti með öllu tilheyrandi frá mömmu og pabba í 8. bekk.



ÞÓRUNN ELVA ÞORGEIRSDÓTTIR, 16 ÁRA
Það sem kemur fyrst upp í huga er Barbí kaffihúsið sem ég fékk á yngri árum



ÁSTA MARÍA GUNNLAUGSDÓTTIR, 16 ÁRA
Ég fór í verslunarferð með Pabba til Svíþjóðar í fyrra, það var æðislegt.



ÞORKELL GUNNAR SIGURBJÖRNSSON, 19 ÁRA
Það er stýrisleði sem ég fékk þegar ég var fimm ára frá foreldrum.



ARNALDUR SMÁRI STEFÁNSSON, 18 ÁRA
Yamaha hljómborð sem ég fékk í hittiðfyrra.



JÓHANN JÓHANSSON, 19 ÁRA
Það mun vera stigalesði sem ég fékk níu ára gamall, frá foreldrunum.



BIRNA SIF MAGNÚSDÓTTIR 18 ÁRA
Guð en erfð spurning, ég veit ekki alveg en ætli það sé ekki bara rúmmið mitt sem ég fékk tíu ára gömul.

TYGGAÞ PATAI

MEÐ
AUDDA

LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS



NASA VIÐ AUSTURVÖLL

FORSALA ER HAFIN Í VERSLUNUM
SKÍFUNNAR OG Á midi.is

ÁST OG UMHYGGJU

Ég ætla bara vinsamlegast að biðja fólk um að gefa mér ekki nokkurn skapaðan hlut í jólagjöf, þetta er algjör víthringur þessar jólagjafir. Það er ekki hægt þegar amma manns sem ekki er í vinnu er að gefa manni peninga, sérstaklega þegar maður biður hana um að hætta þessu. Ást og umhyggja er ágætt, það er jólagjöfin mín í ár.


Andri Freyr Viðarsson, útvarpsmaður á X-FM



GLEÐI OG FRÍÐ


Mig langar í nýju íslensku orðabókina og Garmin GPS tæki með litaskjá væri frábært, svo segi ég bara gleði og fríð um jólin.

Jón Jósep Snæbjörnsson, söngvari.



TERPOLAN

ANDRI FREYR HEFUR STERKAR SKOÐANIR Á JÓLAGJÖFUM




JÓNSI VILL GPS-TÆKI OG ORÐABÓK



ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR
BIÐUR EKKI UM MIKIÐ.

ÓSKALISTI FRÆGA



UTANLANDSFERÐ OG SKARTGRIPIR

Mig langar rosalega mikið í utanlandsferð, en það er samt svo stór gjöf. Annars finnst mér alltaf rosalega gaman að fá fallega skartgrip. Svo er ég algjört fatafreak, fatapakkar virka algjörlega fyrir mig.

Tinna Alavis, fyrirsæta

BRÉF OG FAÐMLAG

Ég vil fá Brynju, mixdisk frá Elvari, faðmlag frá Palla PTH, einlægt bréf frá Dóra DNA, símtal frá Didda Fel og að lokum vil ég fá jafn tálgaðan líkama og Óli P mun fá.

Stjániheitirmiskilinn, rappari úr NBC.



TINNA ALAVIS VILL SKARTGRIPI OG UTANLANDSFERÐ



STJÁNIHEITIRMISSKILINN KÆRUSTUNA SÍNA



NADIA KATRÍN BANINE ER SPENNT FYRIR BÓKUM

KERTI OG SPIL

Ég segi bara kerti og spil.

Þórunn Lárusdóttir, leikkona.



HARRY POTTER OG HVÍLD

Ég er mikill aðdáandi Harry Potter bókanna og ég á allar bækurnar nema þá nýjustu sem ég myndi vilja fá á íslensku. Svo er ég líka til í að fá betri kodda, þá yrði heilsukoddi fyrir valinu, ég er orðin eitthvað svo slæm í öxlunum. Annars langar mig bara til þess að njóta jólanna og geta hvílt mig.


Klara Ósk Elíasdóttir, söngkona



KRISTAL OG BÆKUR

Ég vil fá alveg fullt af góðum bókum til að lesa yfir jólatímann, eins og til dæmis Rokland eftir Hallgrím Helgasson og Þriðja táknið eftir Yrsu Sigurðardóttir. Svo er ég orðin alveg söfnunaróð fyrir praktíska hluti, eitthvað sem mér fannst alveg glatað áður finnst mér alveg æði núna, eins og að fá kristalglas í safnið mitt. Það er líka til svo mikið af litlum flottum búðum í miðbænum núna þar sem hægt er að finna skemmtilega hluti. Rokk og rósir og Spútnik eru til dæmis með voða fallega skartgrip. Föndurjólajafir eru svo alltaf frábært að fá.

Þóra Sigurðardóttir, dagskrágerðarkona og rithöfundur



KLARA ÓSK ELÍASDÓTTIR VILL HARRY POTTER



ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR
PRÁIR BÆKUR Í
JÓLAGJÖF

FÓLKSINS

MYNDLIST OG BÆKUR

Ég er rosalega spennt fyrir fallegri myndlist. Skúlptúrkisurnar hennar Linu Rutar, myndlistarkonu, finnst mér rosalega fallegar. Svo er alltaf gaman að fá góðar bækur fyrir jólin.

Nadía Katrín Banine, dagskrágerðarkona



SJÁ UNITED RÚSTA LIVERPOOL

Ég myndi helst vilja fara á klinkaðan United leik og sjá þá Manchester United valta yfir Liverpool, það væri alveg yndislegt að verða vitni að því. Annars væri ég til í einn BMW m5 bíl, það er alveg óþolandi að vera strætó.

Magnús Ágústsson, söngvari Búdrýgindi



MAGNÚS ÁGÚSTSSON
VILL SJÁ MAN U. VALTA
YFIR LIVERPOOL

NÚ ÞEGAR JÓLIN NÁLGAST FARA SUMIR AÐ HUGA AÐ ÞVÍ HVAD ÞEIR VILJA FÁ Í JÓLAGJÖF. SIRKUS RVK HRINGDI Í NOKKUR ÞEKKT ANDLIT OG FORVITNAÐIST UM HVAD ÞAU VILDU FÁ Í SÍNUM PAKKA.




FLYGIL OG BÓK

Mig langar í Youngchang flygil, ég á nefnilega rafmagnspíanó þar sem hljóðið nýtur sín ekki jafn vel, það er auðvitað miklu kraftmeiri og fallegri hljómur úr alvöru graju. En eitthvað svona á ódýrari nótunum væri kannski bókin Dætur hafsins eftir Súsönnu Svavarsdóttir, það er alltaf gaman að góðri bók. Og svo lofar nýi diskurinn með Garðari Cortes góðu.

Helgi Rafn Ingvarsson, tónlistarnemi



HELGI RAFN INGVARSSON VILL
NÝJA DISKINN MEÐ GARÐARI THOR



TÖLVULEIKUR Í PAKKANN MINN

TÖLVULEIKIR VIRÐAST Í FLJÓTU BRAGÐI VERA EINGUNGIS FYRIR BÖRN OG UNGLINGA. ÞAÐ ER AUÐVITAÐ BARA VITLEYSA. FÓLK Á ÖLLUM ALDRI ER FARIÐ AÐ SPILA TÖLVULEIKI Í AUKNUM MÆLI. HÉR ERU NOKKRIR AF HEITUSTU LEIKUNUM ÞESSI JÓLIN.

SSX ON TOUR

SSX er talin einhver besta snjóbrettaleikjasería sem komið hefur út fyrir leikjatölvur. Hingað til hafa verið til góðir leikir úr seríunni á PS2. Núna reynir serían við PSP og þykir takast nokkuð vel til.

★★★★☆



THE INCREDIBLE HULK: ULTIMATE DESTRUCTION

Sá græni er ekki sáttur. Leikurinn er hálfgerð framhald af kvikmyndinni en Bruce Banner að leita að lækningu við útbrotunum og þarf hann að komast yfir nokkrar hindranir til þess finna hana. Það eru engin takmörk fyrir kröftum Hulks.

Aldurstakmark: 12 ára.

★★★★☆



GOD OF WAR

Stríðsmaðurinn Kratos er fenginn af guðunum til þess að berjast við Ares. Leikurinn byggir á grískri goðafræði og þykir einn sá besti sem gefinn hefur verið út á árinu. Öfbeldisfullur og hasarinn í algleymingi. Stjórnun stríðsmannsins góð. Bardagarnir eru líka frábærir.

Aldurstakmark: 18 ára.

★★★★☆



FIFA 06

Fifa leikina þarf vart að kynna. Þeir eru endurnýjadír árlega og alltaf bæstast við nýir hlutir sem hægt er að framkvæma í leiknum. Í þessum leik er stjórnun leikmanna ótrúlegri en nokkru sinni fyrr.

★★★★☆



THE WARRIORS

Þetta er glænýr leikur frá framleiðendum Grand Theft Auto leikjanna. Hann er byggður á myndinni Warriors sem gefin var út árið 1979. Mjög grófur og raunverulegur slagsmálaleikur. Kemur ekki á óvart verandi frá framleiðendum Grand Theft Auto.

Aldurstakmark: 18 ára.

★★★★☆



TONY HAWK: AMERICAN WASTELAND

Tony Hawk mætir til leiks með sinn áttunda leik. Í leiknum geta menn þvælst um á hjólabretti og BMX hjólum um Los Angeles. Leiknum er ekki skipt niður í borð, heldur hafa leikmenn risastórt svæði til að leika sér á, lausir við alla loading tíma og fá fjölda verkefna.

Aldurstakmark: 16 ára.

★★★★☆

BUZZ! THE MUSIC QUIZ

Nú þarftu ekki að standa í fjarlægð og horfa á Gettu betur, svara rétt án þess að nokkur viti af því. Í Buzz ertu þátttakandi og svarar tónlistarspurningum. Það er bjalla fyrir hvern og einn þannig að deilur um hver var á undan eiga ekki að koma upp.

★★★★☆



GRAND THEFT AUTO LIBERTY CITY STORIES

Toni Cipriani var einu sinni við völd í undirheimunum þar til hann drap háttsettan maffíosa og þurfti að fara í felur. Nú er hann kominn úr felum og þarf að hreinsa til í undirheimunum. Það eru margir bófar sem standa í vegi fyrir honum og nú verður tekið til í eitt skipti fyrir öll.

★★★★☆

50 CENT

Rapparinn 50 cent hefur ekki átt sjö dagana sæla. Nú er kominn út öflugur hasarleikur þar sem leikmenn fara í hlutverk rapparans sem hefur lagt mikið í þennan leik. Leikurinn inniheldur þrettán ný lög eftir meistaran. Einnig koma fram í leiknum þeir Eminem, Dr. Dre og félagar 50 cent úr G-Unit.

★★★★☆



QUAKE IV

Quake er af sumum talinn konungur skotleikjanna. Í þessum leik er engu til sparað og hasarinn enn meiri. Ógeðsleg skrímsli og flottar byssur í þessum fyrstu persónu skotleik.

★★★★☆



FOOTBALL MANAGER 2006

Football Manager 2006 er hrein snilld. Kjörinn leikur fyrir þá sem eru lélegir á fjárfstýringunni en fánalega góðir að stilla upp og kaupa leikmenn. Leikurinn er allur knattspyrnu-unnendur verða að eiga.

★★★★☆



SPARTAN: TOTAL WARRIOR

Leikurinn gerist í hina forna róm-arveldi og eiga leikmenn að stjórna stríðsmanni frá spórtu sem býr yfir ótrúlegum kröftum. Þú átt að sigra þín verkefni og koma þér í náð hjá höfðingjum og guðum.

★★★★☆




BURNOUT REVENGE

Það er kappakstur í stórborgum og til þess að vinna þarftu ekki bara að vera hraðskreiður. Þú þarft að vera tilbúinn til þess að keyra hina bílana niður, og ef ekki, þá gera þeir það við þig. Grafíkin og spilunin í þessum leik er með því ótrúlegasta sem sést hefur.

★★★★☆



LAGUNA BEACH
FRÍÐJUDAGA KL. 21.00



EINN RÍKASTI OG FALLEGASTI STRANDBÆR
Í HEIMINUM OG SIRKUS ER MEÐ ÓTAKMARKAÐAN
AÐGANG AÐ 8 RÍKUM UNGMENNUM SEM BÚA ÞAR.

FYLGSTU MEÐ!



SIRKUS



SIRKUS RVK KANNAR SKEMMTANALÍFIÐ FYRIR UTAN 101.

PARTÍSVÆÐIÐ 112

UM HELGAR SAFNAST ÞÚSUNDIR ÍSLENDINGA OG ÚTLENDINGA SAMAN Á 101 – SVÆÐINU, MEKKA SKEMMTISTAÐA Á ÍSLANDI. EN HVÆÐ ER AÐ GERAST Á BÖRUNUM FYRIR UTAN 101 SVÆÐIÐ. SIRKUS BRÁ SÉR ÚT FYRIR HLEMM OG KÍKTI UPP Í GRAFARVOG Á HVERFISPÖBBA GRAFARVOGSBÚA. GULLÖLDINA Í HVERAFOLD OG KLÚBBINN VIÐ GULLINBRÚ.

GULLÖLDIN

Fyrir marga Grafarvogsbúa er Gullöldin aðalstaðurinn þegar kíkja skal út í eina kollu eða tvær. Gullöldin er ekki stór staður heldur nokkuð passlegur og svipar honum mikið til breskra hverfispöbba, borð úr eik, frekar dimmt, sérherbergi með poolborði, nóg af spilakössum og klingur í bjórglósunum heyrir langar leiðir. Þegar Sirkus kíkti í heimsókn var hljómsveitin Threesome að blasta. Nafnið kom á óvart þar sem tveir strákar voru að spila en ekki þrír eins og nafnið gefur til kynna. Halarófa var komin í fullan gang og voru gestir staðarins vel hífáðir. Mojito er ekki alveg málið á þessum stað, bjór bjór og aftur bjór.

Hvað kostar...

Stór bjór? 500 Kr.
Tvöfaldur í gos? 1200 kr.

Kúnnahópur:

Stór hópur fastakúnna sem samanstandur af Grafarvogsbúum að mestu leyti. Einnig detta Árbæingar og Breiðhyltingar inn í bjór. Þorri hópsins er 35 ára eða eldri.

Tónlist:

Bandið Threesome spilar oft en annars eru þrjú föst bönd og allt mögulegt er spilað.

Mest seldi drykkurinn á barnum?

Bjór



HLJÓMSVEITIN THREESOME SPILADI Á GULLÖLDINI



ALLIR ELSKA THREESOME



ÞAÐ ER GOTT AÐ HVÍLA LÚIN BEIN Á GULLÖLDINI



ÞAÐ ER ÝMISLEGT SEM ÞARF AÐ SKEGGÆÐA Á BARNUM.

KLÚBBURINN

Þegar Sirkus kíkti á Klúbbinn voru ekki margir inni á staðnum þar sem allir gestirnir voru tvístrast annað eftir afmælisveislu sem hafði verið í gangi fyrir um kvöldið. Á einu borði voru nokkrir söngglaðir einstaklingar búnir að hertaka eitt borð með gítar, syngjandi Bubbaslagara eins og sannir Íslendingar. Gestir staðarins voru vel í glasi, engin furða þar sem frítt áfengi var í boði fyrir um kvöldið. Nokkrar sætar ljóshærðar bombur voru á klósettinu að gera sig klárar fyrir bæjarferð og piltarnir biðu eftir þeim sallarólegir. Staðurinn sjálfur er frekar stór, með óteljandi mörg poolborð og neonljós. Klúbburinn hentar fínt til þess að leigja út fyrir afmæli og fleira slíkt. Stemningin er síðan undir þér komin.

Hvað kostar...

Stór bjór? 550 kr.
Tvöfaldur í gos? 1200 kr.

Kúnnahópur:

Allur aldur. Staðurinn er mikið leigður út fyrir böll, veislur og afmæli.

Bönd?

Fer eftir kvöldi. Ekkert ákveðið eða fast.

Mest seldi drykkurinn á barnum?

Stór bjór.

AF HVERJU KEMURÐU HINGAÐ?



„I only came here tonight.“
Morenu, £ 40 ára.



SÖNGGLAÐIR Á KLÚBBNUM.



HVER SEGIR AÐ PARTÍSTEMNINGIN SÉ BARÁ Í 101?



„Það er svo helvíti góður bjór hérna, svo er líka svo stutt að labba hingað. Þetta er finn staður.“
Konráð Sigurpálsson.

KYNSLÓÐIRNAR SKEMMTA SÉR SAMAN Í 112

TWISTED MINDS

FORGOTTEN LORES

LAUGAR DAGINN

3 DESEMBER

STUDENTA KJALLARINN

WITH LIV E BANDS

2005 500KR.

21 00



FORGOTTEN LORES





SUNGÐ TIL STYRKJAR PALESTÍNSKUM ÖRYRKJUM

Á þriðjudaginn 29. nóvember voru haldnir tónleikar til styrktar Öryrkjabandalagi Palestínu á Grand Rokki. Þar kom fram fjöldinn allur af flottum listamönnum. Þeirra á meðal voru Bob Justman, Jakobínarína, Mr. Silla, Reykjavík, Þórir (My Summer as a Salvation Soldier) auk nokkurra meðlima úr hljómsveitinni Hjálmmum. Sérhannaðir bolir frá Nakta Apanum og Dead-búðinni voru seldir á staðnum og einnig safndiskurinn Frjáls Palestína. Allir listamennirnir gáfu vinnuna sína. Tónleikarnir byrjuðu á rólegu og hugljúfu nótunum þar til Jakobínarína og Reykjavík! rokkudu mannfjöldann upp.



Jól
2005



oasis
Smáralind
Kringlan



LAMBALÍNA POPP- STJÖRNUNNAR

OFURTÖFFARINN GWEN STEFANI ER BÚIN AÐ SENDA FRÁ SÉR NÝJA FATALÍNU UNDIR MERKINU L.A.M.B. GWEN HEFUR VERIÐ MJÖG ÁBERANDI Í TÍSKUHEIMINUM AÐ UNDAFÖRNU OG ÞYKIR MIKILL FRUMKVÖÐULL. GWEN HEFUR VERIÐ UNDIR MIKLUM ÁHRIFUM FRÁ ÞEIM JAPÖNSKU HARAJUKU-STELPUM OG HAFA NOKKRAR ÞEIRRA FYLGT HENNI HVERT FÓTMÁL Á STÓRUM TÍSKUVIÐBURÐUM. ÞVÍ MIÐUR FÉKK NÝJA LÍNAN MISGÓÐA DÓMA, EINN ÞEKKTUR TÍSKUGAGNRÝNANDI VAR MJÖG ÓÁNÆGÐUR OG FANNST VANTA HEILDARVIP Á HERLEGHEITIN. HENNI ER ÞÓ FYRIRGEFIÐ ÞVÍ HÚN STENDUR VÍST Í ÖLLU ÞESSU SJÁLFI, ALLT FRÁ TÓNLIST OG HÖNNUN AÐ UPPRÖÐUN GESTA SÝNINGARINNAR. GWEN SAGÐI Í EINHVERJU VIÐTALI AÐ HÖNNUN HENNA VÆRI MJÖG SJÁLPHVERFT VERKEFNI ÞAR SEM HÚN HANNAR BARA FÖT SEM HENNI ÞYKJA FLOTT.





SAMMI Í JAGÚAR Í SAMSTARF MEÐ SOLLU SYSTUR

SÓLVEIG SAMÚELSDÓTTIR, SOLLA, ER NÝSTIRNI Í TÓNLISTARBRANSANUM. HÚN ER SYSTIR SAMMA Í JAGÚAR SEM GERÐI PLÖTU MEÐ HENNI. SÓLVEIG BYRJAÐI AÐ ÆFA SÖNG 25 ÁRA GÖMUL EN ÁÐUR HAFÐI HÚN KLÁRAÐ NÁM Í TANNSMÍÐI.

„Þetta samstarf kom í fyrsta lagi til með þeim hætti að við erum systkin,“ segir Sólveig Samúelsdóttir sem hefur nú sent frá sér plötuna Melodia í samstarfi við bróður sinn, Samúel Jón Samúelsson úr Jagúar. Sólveig, sem jafnan er kölluð Solla, fær aðstoð frá tónlistarmönnum úr fyrsta klassa á plötunni.

HEIMTADI AÐ FÁ AÐ LÆRA Á PÍANÓ

Sólveig er sprenglærð í söng. Hún er búin með áttunda stig í klassískum söng frá Söngskóla Reykjavíkur en einnig hefur hún lært klassískan söng í tónlistardeild Listaháskólans.

Fenguð þið systkinin tónlistarlegt uppeldi?

„Ég man að ég þurfti að suða um að fá að æfa á píanó. Ég fékk það hinsvegar á endanum og við byrjuðum bæði systkinin í tónlistarskólanum á Ísafirði og lærðum mikið þar. Það voru alltaf samæfingar á sunnudögum þar sem við spiluðum öll saman. Þá spilaði ég einmitt undir hjá Samma þegar hann spilaði á básúnuna. Þar lærði maður fyrst að koma fram,“ segir Solla.

SÖNGKONA OG TANNSMÍÐUR

Þó svo að Solla hafi lært klassískan söng ætlaði hún aldrei að verða óperusöngkona. „Ég var meira að hugsa um að læra að beita röddinni og slíkt,“ segir Solla sem byrjaði ekki að læra söng fyrr en hún var orðin 25 ára. Áður hafði hún lært tannsmíði og er útskrifaðir tannsmíður. „Ég er sönnun þess að það er hægt að kenna gömlum hundi að sitja.“

Hvernig plata er þetta?

„Þetta er bara ljúf dægurtónlist. Lög eftir tónskáld sem eru í uppáhaldi hjá okkur systkinunum og svo eru þrjú lög eftir Samma,“ segir Solla. „Það hefur staðið til lengi að við myndum gera þessa plötu og fyrst ég var farin að syngja svona mikið og hann að útsetja þá lá þetta beinast við.“

HELDUR ÖLLU OPNU

Solla segir að þau systkinin hafi alltaf verið að syngja saman þegar þau voru lítil, en tvö ár eru á milli þeirra. Solla er stóra systir. Þegar unglingsárin helltust yfir fækkaði söngstundum systkinanna en upp á



SOLLA SÓLVEIG SAMÚELSDÓTTIR ER SYSTIR SAMMA Í JAGÚAR. HÚN HEFUR NÚ SENT FRÁ SÉR SÍNA FYRSTU PLÖTU.

síðkastið hefur þeim fjölgað. Solla hefur fylgst vel með ferli bróður síns og segist hrifin af því sem hann hefur gert í tónlistinni. „Ég er opin fyrir ýmiskonar tónlist. Ég man til dæmis þegar Sammi var í Casino þá mætti ég á alla tónleika sem þeir héldur,“ segir Solla og hlær. Páll Óskar var söngvari hljómsveitarinnar Casino en hann syngur einmitt eitt lag með Solla á disknum. Það er lagið *We have all the time in the world*. „Það kom enginn annar til greina að syngja þetta lag en hann. Hann gerði þetta með glöðu geði,“ segir Solla.

Ertu komin til að vera í bransanum?

„Ég ætla bara að reyna að halda öllu opnu. Mér finnst þetta allavega mjög skemmtilegt.“

Þeir sem vilja sjá Solla syngja opinberlega geta mætt á útgáfutónleika hjá henni í Iðnó þann 13. des þar sem hún mun koma fram með 10 manna hljómsveit og Páli Óskari að sjálfsgöðu.

-SHS



SAMMI GERÐI PLÖTU MEÐ STÓRU SYSTUR.



PAN THORARENSEN A.K.A. TOTAL KAYOZ Í HLJÓMSVEITUNUM BEAT-MAKIN' TROOPA OG TWISTED MINDS CREW LEYFIR SIRKUS RVK AÐ KÍKJA Í I-PODINN SINN.

„Ég er með 20 GB I-Pod sem að svínvirkar. Ég er núna að hlusta mikið af neðanjarðarefni frá Evrópu sem ég hef verið að grafa upp síðustu laga. Að sjálfsgöðu downloadaði ég dótinu yfir á I-Podinn minn,“ segir Pan. Þetta er listinn hans Pan í tilviljanakenndri röð.

1. Crashed By Car – Bees
2. Anima Sound System – Rakjuk a Tuyet
3. Caustic Light – Off the sky
4. Dub Jay – Lost Toy Found
5. Aleksí Virta – Art Of Far
6. Kikapu Records MonoCulture – Default Setting
7. Winter Strand – Session 4
8. Fu*?ng Crazy – Just Ju
9. Isan – I meet Next Live Mega Nice Stuff
10. Evan Valentine – Safety Glass



HÖLDUM FAST Í SPILUN Í DAG

Sálin hans Jóns míns, eða: „hljómsveitin með ómögulega nafninu,“ eins og segir í fréttatilkynningu frá sveitinni, sendir frá sér nýtt lag í dag. Mun það vera lagið Höldum fast af nýjasta geisladisk þeirra Undir þínun áhrifum. Lagið Höldum fast er af sumum talið besta lag geisladisksins en það er eftir Guðmund Jónsson og gerði Friðrik Sturluson textann. Sálin hélt á dögnum útgáfutónleika í Kaupmannahöfn og nú er hægt að horfa á myndbrot frá þeirri frægðarför á tónlist.is. Strákarnir munu einnig bregða á leik á Nasa á morgun, laugardaginn 3. nóvember, ásamt blástursbelgjunum Samúel og Kjartani úr Jagúar.

ROLLING STONES Í GRAFARVOGINN



ÞAD ER LÖNGU ORÐIÐ TÍMA-BÆRT AÐ KEITH RICHARDS HEIMSÆKI KLAKANN.

Það er umtalað að bresku rokkhundarnir í Rolling Stones spili í Egilshöll í Grafarvoginum næsta sumar. Rætt hefur verið um dagsetninguna 6. júní. En sú dagsetning hentar karlmönnum landsins afar vel því seinna í júnímánuði mun stór hluti karlmanna leggjast í dvala og fylgjast með heimsmeistarakeppninni í fótbolta. Til að hita sig upp fyrir giggið hér á landi munu Rolling Stones spila á stærstu tónleikum sem fram fara á hverju ári í heiminum, hálfleikssýningunni í Superbowl leiknum sem er úrslitaleikurinn í amerískum fótbolta.



ROLLING STONES KOMA VONANDI TIL LANDSINS Á NÆSTA ÁRI EFTIR LANGA BIÐ.

SAMMI Í JAGÚAR Í SAMSTARF MEÐ SOLLU SYSTUR

SÓLVEIG SAMÚELSDÓTTIR, SOLLA, ER NÝSTIRNI Í TÓNLISTARBRANSANUM. HÚN ER SYSTIR SAMMA Í JAGÚAR SEM GERÐI PLÖTU MEÐ HENNI. SÓLVEIG BYRJAÐI AÐ ÆFA SÖNG 25 ÁRA GÖMUL EN ÁÐUR HAFÐI HÚN KLÁRAÐ NÁM Í TANNSMÍÐI.

„Þetta samstarf kom í fyrsta lagi til með þeim hætti að við erum systkin,“ segir Sólveig Samúelsdóttir sem hefur nú sent frá sér plötuna Melodia í samstarfi við bróður sinn, Samúel Jón Samúelsson úr Jagúar. Sólveig, sem jafnan er kölluð Solla, fær aðstoð frá tónlistarmönnum úr fyrsta klassa á plötunni.

HEIMTADI AÐ FÁ AÐ LÆRA Á PÍANÓ

Sólveig er sprenglærð í söng. Hún er búin með áttunda stig í klassískum söng frá Söngskóla Reykjavíkur en einnig hefur hún lært klassískan söng í tónlistardeild Listaháskólans.

Fenguð þið systkinin tónlistarlegt uppeldi?

„Ég man að ég þurfti að suða um að fá að æfa á píanó. Ég fékk það hinsvegar á endanum og við byrjuðum bæði systkinin í tónlistarskólanum á Ísafirði og lærðum mikið þar. Það voru alltaf samæfingar á sunnudögum þar sem við spiluðum öll saman. Þá spilaði ég einmitt undir hjá Samma þegar hann spilaði á básúnuna. Þar lærði maður fyrst að koma fram,“ segir Solla.

SÖNGKONA OG TANNSMÍÐUR

Þó svo að Solla hafi lært klassískan söng ætlaði hún aldrei að verða óperusöngkona. „Ég var meira að hugsa um að læra að beita röddinni og slíkt,“ segir Solla sem byrjaði ekki að læra söng fyrr en hún var orðin 25 ára. Áður hafði hún lært tannsmíði og er útskrifaðir tannsmíður. „Ég er sönnun þess að það er hægt að kenna gömlum hundi að sitja.“

Hvernig plata er þetta?

„Þetta er bara ljúf dægurtónlist. Lög eftir tónskáld sem eru í uppáhaldi hjá okkur systkinunum og svo eru þrjú lög eftir Samma,“ segir Solla. „Það hefur staðið til lengi að við myndum gera þessa plötu og fyrst ég var farin að syngja svona mikið og hann að útsetja þá lá þetta beinast við.“

HELDUR ÖLLU OPNU

Solla segir að þau systkinin hafi alltaf verið að syngja saman þegar þau voru lítil, en tvö ár eru á milli þeirra. Solla er stóra systir. Þegar unglingsárin helltust yfir fækkaði söngstundum systkinanna en upp á



SOLLA SÓLVEIG SAMÚELSDÓTTIR ER SYSTIR SAMMA Í JAGÚAR. HÚN HEFUR NÚ SENT FRÁ SÉR SÍNA FYRSTU PLÖTU.

síðkastið hefur þeim fjölgað. Solla hefur fylgst vel með ferli bróður síns og segist hrifin af því sem hann hefur gert í tónlistinni. „Ég er opin fyrir ýmiskonar tónlist. Ég man til dæmis þegar Sammi var í Casino þá mætti ég á alla tónleika sem þeir héldur,“ segir Solla og hlær. Páll Óskar var söngvari hljómsveitarinnar Casino en hann syngur einmitt eitt lag með Solla á disknum. Það er lagið *We have all the time in the world*. „Það kom enginn annar til greina að syngja þetta lag en hann. Hann gerði þetta með glöðu geði,“ segir Solla.

Ertu komin til að vera í bransanum?

„Ég ætla bara að reyna að halda öllu opnu. Mér finnst þetta allavega mjög skemmtilegt.“

Þeir sem vilja sjá Solla syngja opinberlega geta mætt á útgáfutónleika hjá henni í Iðnó þann 13. des þar sem hún mun koma fram með 10 manna hljómsveit og Páli Óskari að sjálfsgöðu.

-SHS



SAMMI GERÐI PLÖTU MEÐ STÓRU SYSTUR.



PAN THORARENSEN A.K.A. TOTAL KAYOZ Í HLJÓMSVEITUNUM BEAT-MAKIN' TROOPA OG TWISTED MINDS CREW LEYFIR SIRKUS RVK AÐ KÍKJA Í I-PODINN SINN.

„Ég er með 20 GB I-Pod sem að svínvirkar. Ég er núna að hlusta mikið af neðanjarðarefni frá Evrópu sem ég hef verið að grafa upp síðustu laga. Að sjálfsgöðu downloadaði ég dótinu yfir á I-Podinn minn,“ segir Pan. Þetta er listinn hans Pan í tilviljanakenndri röð.

1. Crashed By Car – Bees
2. Anima Sound System – Rakjuk a Tuyet
3. Caustic Light – Off the sky
4. Dub Jay – Lost Toy Found
5. Aleksí Virta – Art Of Far
6. Kikapu Records MonoCulture – Default Setting
7. Winter Strand – Session 4
8. Fu*?ng Crazy – Just Ju
9. Isan – I meet Next Live Mega Nice Stuff
10. Evan Valentine – Safety Glass



HÖLDUM FAST Í SPILUN Í DAG

Sálin hans Jóns míns, eða: „hljómsveitin með ómögulega nafninu,“ eins og segir í fréttatilkynningu frá sveitinni, sendir frá sér nýtt lag í dag. Mun það vera lagið Höldum fast af nýjasta geisladisk þeirra Undir þínun áhrifum. Lagið Höldum fast er af sumum talið besta lag geisladisksins en það er eftir Guðmund Jónsson og gerði Friðrik Sturluson textann. Sálin hélt á dögnum útgáfutónleika í Kaupmannahöfn og nú er hægt að horfa á myndbrot frá þeirri frægðarför á tónlist.is. Strákarnir munu einnig bregða á leik á Nasa á morgun, laugardaginn 3. nóvember, ásamt blástursbelgjunum Samúel og Kjartani úr Jagúar.

ROLLING STONES Í GRAFARVOGINN



ÞAÐ ER LÖNGU ORÐIÐ TÍMA-BÆRT AÐ KEITH RICHARDS HEIMSÆKI KLAKANN.

Það er umtalað að bresku rokkhundarnir í Rolling Stones spili í Egilshöll í Grafarvoginum næsta sumar. Rætt hefur verið um dagsetninguna 6. júní. En sú dagsetning hentar karlmönnum landsins afar vel því seinna í júnímánuði mun stór hluti karlmanna leggjast í dvala og fylgjast með heimsmeistarakeppninni í fótbolta. Til að hita sig upp fyrir giggið hér á landi munu Rolling Stones spila á stærstu tónleikum sem fram fara á hverju ári í heiminum, hálfleikssýningunni í Superbowl leiknum sem er úrslitaleikurinn í amerískum fótbolta.



ROLLING STONES KOMA VONANDI TIL LANDSINS Á NÆSTA ÁRI EFTIR LANGA BIÐ.

MEST SELDU LEIKIRNIR



SINGSTAR '80S ER AÐ KOMA STERKUR INN Í PS2.



1. GRAND THEFT AUTO: LIBERTY CITY
2. NEED FOR SPEED MOST WANTED 510
3. HARRY POTTER AND THE GOBLET OF FIRE
4. PURSUIT FORCE
5. MEDIEVIL RESURRECTION
6. BURNOUT LEGENDS
7. CRASH TAG TEAM RACING
8. STAR WARS BATTLEFRONT 2
9. NBA LIVE 06
10. FIFA 06



1. SIMS 2 CHRISTMAS PARTY PACK
2. BATTLEFIELD 2 SPECIAL FORCES
3. NEED FOR SPEED MOST WANTED
4. CIVILIZATION 4
5. CALL OF DUTY 2
6. FOOTBALL MANAGER 2006
7. KING KONG
8. AGE OF EMPIRES 3
9. WORLD OF WARCRAFT
10. COUNTER-STRIKE SOURCE



1. STAR WARS BATTLEFRONT 2
2. FIFA 06
3. TONY HAWK AMERICAN WASTELAND
4. PRO EVOLUTION SOCCER 5
5. KING KONG
6. NEED FOR SPEED MOST WANTED
7. CRASH TAG TEAM RACING
8. BURNOUT REVENGE
9. WARRIORS
10. SPARTAN TOTAL WAR



1. SINGSTAR 80'S
2. NEED FOR SPEED MOST WANTED
3. SINGSTAR 80'S (MEÐ MÍKRAFÓNUM)
4. RATCHET : GLADIATOR
5. STAR WARS BATTLEFRONT 2
6. HARRY POTTER GOBLET OF FIRE
7. 50 CENT
8. BUZZ
9. EYETOY PLAY 3 CAMERA BUNDL
10. FIFA 06

MYNDIN SEM SPLUNDRADÍ

M Myndin sem olli einum stærsta Hollywood-skilnaði þessa árs er komin út á DVD, Mr. and Mrs. Smith. Það er ekki hægt að fjalla um þessa mynd án þess að minnst á það sem gerðist bak við tjöldin. Þegar tókur á myndinni hófust var Brad Pitt giftur Jennifer Aniston og búinn að vera með henni um nokkurt skeið. Angelina Jolie var á lausu og ekkert í leit að karlmanni, vildi bara skyndikynni og gott kynlíf.

ÁST Í LEYNUM

Fljótlega eftir að tókur hófust á myndinni fóru af stað sögur þess efnis að Pitt og Jolie væru að stinga saman nefjum. Þessu neituðu þau bæði staðfastlega en Jennifer Aniston var farin að ókyrrast. Fjölmiðlar voru með nefið á milli svo mánuðum skipti og á endanum kom allt upp á yfirborðið. Þau höfðu verið að eiga hvort við annað um nokkurt skeið. Fór það svo að Brad Pitt skildi við hina ljúfu Jennifer Aniston sem líklega er ekkert meira en góður vinur. Þar með er ekki sagan öll, því Vince Vaughn, sem fer með aukahlutverk í þessari sömu mynd, fór að hitta Aniston og nú eru þau víst orðin að pari. En nóg um það sem gekk á bak við tjöldin.

BYRJAR VEL

Í stuttu máli fjallar myndin um hjón sem bæði hafa þá iðju að starfa sem leigumorðingjar en hvorugt hefur hugmynd um hvað hitt starfar. Hún



SÆT SAMAN

Þau Vince Vaughn og Jennifer Aniston hófu að vera saman eftir að hún hætti með Brad Pitt.




fær það hlutverk að drepa hann og hann að drepa hana. Afar einfalt en bráðskemmtilegt handrit.

Myndin byrjar feikivel. Hún virðist ætla að taka þá stefnu að verða kómískur þriller með skemmtilegum samtölum. En þegar kemur að uppgjöri þeirra hjóna (herra og frú Smith), breytist hún í típíska hasarmynd. Lætin verða rosaleg og lokauppgjörið verður alltof langt eins og tíðkast í Hollywood.

MIKIÐ SKEMMTANA-GILDI

Myndin hefur þó mikið skemmtanagildi. Hún skartar fallegasta fólki heims að margmatti. Það eitt og sér nægir eflaust fyrir suma. Aðrir leikar-



MR. AND MRS. SMITH
ÚTGEFANDI: SENA

★★★★☆

ar í myndinni komast sómasamlega frá sínu en ég skil ekki alveg hvað stelpurnar sjá við þennan Adam Brody (sem leikur einnig í O.C.-þáttunum). Líklega er ég bara öfundsjúkur, en hann fer í mínar finustu. Þegar á heildina er litið er Mr. and Mrs. Smith skemmtileg mynd og gaman að fylgjast með þeim losta sem ólgar milli Pitt og Jolie. Hún versnar þó þegar á hana líður. Myndin er 120 mín-

NEED FOR SPEED MOST WANTED 510

AÐDÁENDUR BÍLALÉIKJA GETA TEKIÐ GLEÐI SÍNA Á NÝ

Bílaáhugamenn og aðrir geta tekið gleði sína á ný, því nýjasti leikurinn í Need for Speed-seríunni á Playstation 2 er kominn, Need for Speed Most Wanted 510. Hinir leikirnir í seríunni voru aðeins upphitun fyrir þennan. Löggan er mætt á ný og tekur þátt í svakalegum eltingaleikjum sem ætla engan enda að taka.

Eins og í fyrri leikjunum geta þátttakendur breytt bílunum eins og þá lystir. Aðdáendur seríunnar eru flestir sammála um að nú hafi höfundum leikjanna tekist að gera hinn fullkomna bílaeltingaleik. Hann sam-



NEED FOR SPEED MOST WANTED 510 ER KOMINN Í BÚÐIR.

einar það besta úr fyrri leikjunum og bætir inn nýjum og vel heppnum brellum. Það er um að gera að spenna beltin, keyra rólega í næstu tölvuverslun og fá útrás fyr-

ir hraðakstur og glannaskap í þessum magnaða tölvuleik. Leikurinn kostar einn bláann og miðað við orðspor leiksins er hann vel þess bláa virði.

MR. AND MRS. SMITH ER KOMIN ÚT Á DVD. BUNÐAR VORU MIKLAR VÆNTINGAR VIÐ MYNDINA ÞEGAR HÚN KOM ÚT ENDA EINN KYNÞOKKAFYLLSTI KARLMAÐUR HEIMS AÐ LEIKA Á MÓTI KYNÞOKKAFYLLSTU KONU HEIMS. GETUR ÞAÐ KLIKKAD?

HJÓNABANDINU



útur eða háltíma of löng fyrir minn smekk. Fyrri hluti myndarinnar fær þrjár og hálfu stjörnu en seinni tvær og hálfu. Því eru þrjár stjórnur sléttar útkoman. Aukaefnið sem fylgir myndinni á DVD er heldur fátæklegt. Þó er að finna þrjú fín atriði sem var eytt, og leikstjórinn Doug Liman talar inn á myndina.

Hjörvar Hafliðason

GRÍNDÁVALDURINN Á DVD

SAILESH IN ICELAND KOMINN HEITUR Á MARKAÐ

← NÝTT Á DVD

Heimsóknir gríndávaldsins Sailesh hafa nú verið gefnar út á DVD-diski. Þessi geðþekki dávaldur hefur komið ítrekað til landsins og skemmt fyrir fullu húsi í hvert skipti. Fjölmargir Íslendingar hafa fróað sér á stólum af hans völdum eða gert eitthvað álíka. Margir hafa gengið með veggjum eftir sýningu hjá Sailesh og vonast til þess að þetta myndi gleymast. Nú er engin hætt á því þegar þetta hefur verið skjalfest á þessum veglega

DVD-diski. Á disknum er að finna allt það besta frá kappanum hér á landi. Auk þess eru 160 mínútur af aukaefni en í heildina er diskurinn fjórir tímar.


Diskurinn, Sailesh in Iceland, hlýtur að vera skyldueign fyrir aðdáendur kappans því fáir eiga jafn auðvelt með að fylla hús og hallir hér á landi og Sailesh. Diskurinn er bannaður börnum yngri en 16 ára. Skyldueign fyrir fólk eldra en 16.

MEISTARI SAILESH AÐ STÖRFUM.




MYND - VILHELM

37



FORDSTÚKAN 2005

FORDKEPPNIN VAR HALDIN ÞANN 24. NÓVEMBER Í LOFTKASTALANUM. KEPPNIN VAR STÓRGLÆSILEG Í ALLA STAÐI. ÞAÐ VAR MATTHILDUR LIND MATTHÍASDÓTTIR SEM STÓÐ UPPI SEM SIGURVEGARI OG VAR VEL AÐ SIGRINUM KOMIN. LAUFY MJÖLL HELGADÓTTIR HAFNAÐI Í ÖÐRU SÆTI OG LÁRA MARGRÉT MÖLLER TÓK BRONSÍÐ. KYNNAR KVÖLDSINS VORU ÞAU DJ - SÓLEY OG FROSTI LOGASON.



Sádama Reykjavík



LEAVES SPILA BARA FJÓRIR

Leaves mun spila á Grand Rokki í kvöld. The Telepathetics, sem hafa vakið mikla athygli að undanfögnu, og Jara munu sjá um upphitun. En Jara er einmitt að vinna að sinni fyrstu plötu sem beðið er eftir með mikilli eftirvæntingu. Hljómsveitin er tiltölulega nýkomin heim úr tónleikaferð. „Þetta gekk bara rosalega vel úti, en við komum heim í október eftir túr um Bretland,“ segir Arnar Guðjónsson, söngvari bandsins, en þegar náðist í hann var hann einmitt að æfa fyrir tónleikana. „Við ætluðum að spila fljótlega eftir heimkomu en þetta dróst svolítið á langinn vegna veikinda. Svo þetta verða fyrstu tónleikar sem við spilum síðan við komum heim. Við munum spila efni sem kom út á nýju plötunni Angela Test í sumar, svo munum við taka eitt Kraftwerk-lag svona til gamans. Það sem er framundan hjá okkur er bara að vera duglegir að spila hérna heima,“ segir Arnar. Eins og fjallað er um á bls. 5 í Sirkus Rvk þá er Arnar gítarleikari hættur, einhver sértstök ástæða? „Þetta var nú bara allt í góðu. Ég hef í rauninni ekkert meira um það að segja, en hann ætlar að fara að snúa sér að eigin smíðum.“

Kemur einhver í staðinn? „Nei, við ætlum bara að gera þetta fjórir,“ segir Arnar að lokum.

-KRV

AÐEINS EINN ARNAR ÞEGAR ARNAR ÓLAFSSON GÍTARLEIKARI ER FARINN.



Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍKUR ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDIÐ OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

SKEMMTIÐIR

FÖSTUDAGUR 2. DESEMBER

FRELSI Í SMÍÐAVERKSTÆÐINU

Allra síðustu sýningar verða á Frelsinu þannig að nú fer hver að verða síðastur til að tékka á þessu stykki.

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP HJÁ LEIKFÉLAGI AKUR-EYRAR

Þeir sem að eiga leið um Norðurlandið núna um helgina geta reynt að tryggja sér miða á Fullkomið brúðkaup sem er víst að gera allt kreisí á Akureyri.



WOYZECK Í BORGARLEIKHÚSINU

Nick Cave sér um tónlistina í þessu leikriti sem er að gera góða hluti í Borgarleikhúsinu.

JÓLAÆVINTÝRI HUGLEIKS Í TJARNARBÍÓI

Gamanleikur með söng og dans fyrir alla fjölskylduna. Sýningin byrjar klukkan 20 og miðar renna út eins og heitar lummur.

LAUGARDAGUR 3. DESEMBER

HALLDÓR Í HOLLYWOOD Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Halldór Laxness fer til Hollywood að skrifa. Mun hann meika það? Skemmtileg dans- og sönggrevía og það spillir ekki fyrir að sagan er meistaraverk. Þegar þetta er skrifað eru nokkur sæti laus. Tékkid á þessu.



LEITIN AÐ JÓLUNUM Í LEIKHÚSKJALLARANUM

Tvær sýningar verða á þessu leikriti, ein kl. 13.00 og önnur kl. 14.15. Þetta er leikrit fyrir alla fjölskylduna þar sem leitinni að jólunum eru gerð góð skil. Það er uppselt á þessar sýningar en ekki örvænta, það verða fleiri sýningar.

LÍFSINS TRÉ Í BORGARLEIKHÚSINU

Nýja Ísland mun rísa þegar Lífsins tré verður sett á svið Borgarleikhússins í kvöld. Síðustu sýningar eru á leikritinu.



TÓNLEIKURINN BÍTL Í LOFTKASTALANUM

Síðasta sýningin á Tónleiknum Bítl er í Loftkastalanum og hefur fengið frábæra dóma.

FRELSI Í SMÍÐAVERKSTÆÐINU

Allra síðustu sýningar verða á Frelsinu þannig að nú fer hver að verða síðastur til að tékka á þessu stykki.

Brimið hans Jóns Atla á Litla sviði Þjóðleikhússins Jón Atli ber titilinn efnilegasta leikskáld þjóðarinnar með stæl og Vesturport er efnilegasti leikhópurinn. Saman er þetta bara farið að verða nokkuð gott hjá þeim.

SUNNUDAGUR 4. DESEMBER

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

200 ára afmælisýning til heiðurs H.C. Andersen. Það er ljóst að Danir voru mikil menningarþjóð á 19. öld og kannski bara tólmitleysa að hafa mótmælt þeim.

BRYNHILDUR ER EDITH PIAF

Edith lifnar við og lifir enn í Þjóðleikhúsinu og virðist ódrepanði. Brynhildur er hreinlega að verða Edith, svo tilkomumikil er sýningin.



ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Edda Björgvins í öllum hlutverkum og alltaf uppselt. Edda kann sitt fag og fyllir Borgarleikhúsið.

LEITIN AÐ JÓLUNUM Í LEIKHÚSKJALLARANUM

Tvær sýningar verða á þessu leikriti, ein kl. 14 og önnur kl. 17. Þetta er leikrit fyrir alla fjölskylduna þar sem leitinni að jólunum eru gerð góð skil. Það er uppselt á þessar sýningar en ekki örvænta, það verða fleiri sýningar.

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

ÞÓRIR OG DR. SPOCK

Ég ætla að kíkja á hann Þóri tónlistarmann, en hann er að spila í Stúdentakjallaranum í kvöld, Þórir er finntónlistarmaður sem er alltaf þéttur á kantinum. Annars er ég reyndar líka að gestadídjeia þar hið sama kvöld. Á laugardaginn er svo Dr. Spock að spila í Smekkleysubúðinni klukkan þrjú, svo fer ég nú bara að vinna kvöldvakt og hef reyndar ekkert spáð í því hvað er að gerast um kvöldið.

Benedikt Reynisson, tónlistarmaður og Skáti



FRUMSÝNING OG JÓLAHLAÐBORD

Ég er að fara að frumsýna sýninguna *Þrjár systur* eftir Tsjekhov með Nemenda-leikhúsinu sem við munum sýna í Borgarleikhúsinu á sunnudagskvöldið. Þannig að öll helgin mín fer í undirbúningsvinnu fyrir sýninguna. Reyndar er ég að fara með vini mínum í jólahlaðborð á laugardagskvöldið sem mun enda með því að við förum á sýninguna *Ég er mín eigin kona* með Hilmi Snæ sem ég hlakka til að sjá. Annars á frumsýningin allan minn hug þessa helgi.

Birgitta Birgisdóttir leiklistamenn



LAUFABRAUÐSGERÐ

Ég er að fara í svakalega laufbrauðsgerð með fjölskyldunni á laugardaginn. Það mun standa alveg frá morgni til kvölds og verðum við alveg skemmtilega úrvinda eftir stússið. Annars er ég að æfa á fullu fyrir Carmen. Ég fór að sjá Brim um daginn sem er sýnt í Þjóðleikhúsinu. Ég mæli eindregið með þeirri sýningu þar sem mér fannst þetta mjög flott sýning og alveg frábærir leikarar. Það er sjaldan sem maður er sáttur við allt saman þegar maður gengur út eftir leiksýningu. Svo er það bara að kveikja á kerti númer tvö á sunnudaginn.

Aðalheiður Halldórsdóttir dansari

IDOL EXTRA
ÞRIÐJUDAGA KL. 20:30



JÓNSSON & LEMACKS · JI.IS

ÞINN EIGIN BAKSVIÐSPASSI AÐ IDOLINU MEÐ SVAVARI ERNI

FYLGSTU MEÐ!



SIRKUS

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍKUR ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDIÐ OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

SKEMMTIÐIR FÖSTUDAGUR 2. DESEMBER

HVERFISBARINN

Kvöldið byrjar á Hverfis með partí í boði flass.net og upp úr miðnætti tekur DJ Maggz við og mun spila væntanlega einhverja góða slagi fyrir gesti Hverfisbarsins.

PRIKIÐ

DJ Gay Thug og Anna Brá verða með hiphop, R'n'B, electro, house og diskó session á Prikinu. Þau lofa massfjóri og fullt af bootyshaking tónlist fyrir stelpur og stráka á öllum aldri... allavega fyrir tvítuga og eldri.

STÚDENTAKJALLARINN.

Þórir eða „My Summer as a Salvation Soldier“ eins og hann kallar sig á nýju plötunni verður með tónleika í Kjallaranum og verður Benni úr hljómsveitinni Karate að þeyta skífum.



GRAND ROKK

Hljómsveitin Leaves verður með tónleika á Grandinum í kvöld. Eins og allir vita eru Leaves búnir að slá í gegn erlendis og mælum með því að allir kíki á strákana í kvöld. Að sjálfsögðu verður Pub-quizið á sínum stað klukkan 17.30 stundvíslega.

VEGAMÓT

Hann DJ Teddy er farinn að verða einn eftirsóknarverðasti hiphoppötusnúður borgarinnar. Hann spilar R'n'B eins og hann hafi aldrei gert neitt annað.

GALLERÍ HUMAR EÐA FRÆGD/SMEKKLEYSA PLÖTUBÚÐ

Tónlistarmaðurinn Siggí Ármann er að senda frá sér sína breiðskífu sem kallast „Music for the Addicted“. Í tilefni þess ætlar hann að bjóða til síðdegistónleika kl. 18.00 í Smekkleysu plötubúð á Laugaveginum. Að sjálfsögðu er frítt inn.

SÓLON

Það er hann Brynjar Már sjálfur sem spilar taktfasta danstónlist á Sólon frá miðnætti til klukkan fimm um morguninn. Léttvín og jólabjór verður á tilboði allan föstudaginn þannig að það verður bara allt að ske á Sólon.

LAUGARDAGUR 3. DESEMBER

STÚDENTAKJALLARINN

Twisted Minds Crew og Forgotten Loos verða með live hiphopsett á Kjallaranum og lofa strákarnir alveg hörkustemningu. Miðaverðið er bara skitnar 500 krónur og ætla flestir harðkjarna hiphophausar landsins að vera á svæðinu.



NASA

Sálin hans Jóns nins er nýkomin frá Kongens Köben eftir að hafa haldið velheppnaða tónleika þar og núna ætla þeir að taka Nasa með trompi. Miðaverðið er 1.900 kr og best er að mæta strax upp úr miðnætti þar sem búist er við alveg trylltri röð.

GAUKUR Á STÖNG

Á neðri hæðinni verður hljómsveitin Kung Fu að spila á meðan plötusnúðurinn DJ Frigor verður á efri hæðinni að trylla lýðinn. Já, Gaukurinn verður hress á föstudaginn.

PRIKIÐ

Vinur allra landsmanna hann DJ Teddy verður hress í búrinu á Prikinu með nýjasta R'n'B og hiphopið beint frá Bandaríkjunum. Enda er kauði bandarískur. Hann verður hress á Prikinu.



GRAND ROKK

Hljómsveitirnar Rass og Singapore Sling verða með tónleika í kvöld. Singapore Sling eru búnir að gera fína hluti undanfarið og sömuleiðis hljómsveitin Rass sem eru heldur betur búnir að vekja athygli á hápólítískum textum. Þetta verður athyglisvert.



VEGAMÓT

Vinkonurnar Ellen og Erna verða í svaka fílling á Vegó. Þær lofa taumlausri gleði og verða svaka hressar í búrinu. Þetta verður skemmtilegt.

SÓLON

Það verður langur laugardagur á Sólon. DJ Jón Atli verður á neðri hæðinni frá kl. 23 til 03 með funky disco session. Á efri hæðinni verður síðan Brynjar Már að þeyta skífum og gera allt vitlaust fram á rauðan morgun.

GALLERÍ HUMAR EÐA FRÆGD/SMEKKLEYSA PLÖTUBÚÐ

Dr. Spock mun gera allt vangefið á síðdegistónleikum Smekkleysu í Gallerí Humar eða Frægd á Laugaveginum. Tónleikarnir hefjast klukkan 15.00 og það kostar ekki rassgat.

ÆTLA AÐ SPILA ÞANGAÐ TIL LÖGGAN HENDIR ÞEIM ÚT

Meðlimir hljómsveitarinnar Kung Fu koma úr hinum og þessum áttum. „Við erum samblanda úr hljómsveitum eins og Dead Sea Apple og Strigaskónum. Erum með góðan rokkbakgrunn,“ segir Steinarr Logi, söngvari hljómsveitarinnar. „Við hittumst fyrir tveimur og hálfu ári síðan í Kópavoginum og ákváðum að búa til alíslenskt dúndurpoppband,“ bætir hann Steinarr Logi við. Núna næstkomandi laugardagskvöld verður bandið að spila á Gauki á Stöng og lofar allsherjarstuði. „Við byrjum að spila upp úr klukkan tólf og við spilum þangað til löggan hendir okkur út.“ Strákarnir eru nýbúnir að gefa út níu laga plötu sem heitir „Í Sannleika sagt“ og eru öll lögin á plötunni frumsamin af þeim. Útgáfutónleikarnir verða síðan í Skifunni á Laugavegi þann 9. desember næstkomandi. „Á milli hálf tíu og hálflefu verðum við að spila á svakasviði með frábært ljósakerfi. Við ætlum að rokka í búðinni,“ sagði Steinarr.



ÓHÓ HLJÓMSVEITIN KUNG FU MEÐ DANSIBALL Á LAUGARDAGINN



FORGOTTEN LORES KUNNA AÐ FÍRA MÆKINN.

HÖRKUDJAMM Í STÚDENTAKJALLARANUM

HIPHOPSAMKOMA Á LAUGARDAGSKVÖLDIÐ

Stúdentakjallarinn verður hertekinn af hiphophausum annað kvöld þar sem hiphopböndin Forgotten Lores og Twisted Minds Crew verða með live sett frá klukkan nfu. „Þetta verður hörkudjamm. Svo skemmtilega vill til að ég á afmæli sama dag og tónleikarnir sem gerir þetta bara að ennþá skemmtilegra kvöldi, fyrir mér allavega,“ segir Jói meðlimur í Twisted Minds Crew eða TMC. „Diddi úr Forgotten Lores verður host og hann mun rappa og gera eitthvað skemmtilegt „shit“ á sviðinu. Síðan verða líka einhver önnur skemmtiatriði. Þetta verður rosagaman og allir sem hlusta eitthvað á hiphop verða að kíkja,“ segir Jói. Aðgangseyrir á tónleikana er 500 krónur og byrjar dæmið á slaginu nfu eins og áður sagði.

—ÓHÓ



TWISTED MINDS CREW ÆTLA EKKI AÐ GEFA NEITT EFTIR Í KVÖLD.

SÝNINGAR



GALLERÍ BOX

Sýning Jóns Sæmundar á verkum sínum stendur yfir til 18. desember. Galleríið er opið fim. til lau. frá kl.14 til 17.



NÝLISTASAFNIÐ

Snorri Ásmundsson er með sýninguna „Retrospective“ í Nýló. Á sýningunni mun Snorri gera upp feril sinn sem myndlistarmaður og ber þar ýmislegt á góma. Sýningin mun standa til 19. desember næstkomandi og er Nýlistasafnið opið frá miðvikudegi til sunnudags frá 13 til 17.



AURUM

Davíð Örn Halldórsson er með sýningu í Aurum þar sem hann sýnir myndir unnar með iðnaðarmálningu á trefja-plötur. Gonzalez og trúlofun – ara eru nöfnin á myndunum.

KLING & BANG GALLERÍ

Síðasta sýningarhelgi Arnar J. Auðarsonar stendur yfir í Kling & Bang á Laugavegi og lýkur sýningunni þann 4. desember. Sýningin ber yfirskriftina Örn J. Auðarson – Miðgarður – Blárauður – Afgirtur reitur. Galleríið er opið í dag og á morgun frá kl. 14 til 18.

RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR

Helga Birgisdóttir er með málverkasýningu sem standa mun til áramóta.

GALLERY TURPENTINE

Sigtryggur Bjarni Baldvinsson verður með sýningu til 6. des.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS

Guðrún Vera Hjartardóttir verður með sýningu til 30. desember. Erró er þar líka með sína sýningu og mun hún standa til 23. apríl.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, ÁSMUNDARSAFN

Bernd Koberling er með sýningu til 22. janúar og einnig yfirlitssýningin Maðurinn og Efnið. Sú sýning verður til áramóta.

ÞJÓÐARBÓKHLAÐAN

Sýning verður á verkum Brynjólfs Sveinssonar til áramóta. Opið er frá kl. 9 til 20.

GALLERÍ 18

Þór Vigfússon verður með sýningu til 23. desember.




LISTASAFN ÍSLANDS

Ný íslensk myndlist II – Um rými og frásögn. Þetta er sýning á verkum 13 íslenskra samtímalistamanna og stendur hún yfir til 12. febrúar 2006

CAFÉ BABALU

Claudia er með sýninguna „Even if tomorrow is not granted, I plant my tree“. Café Babalu er á Skólavörðu-stígi 22.



AETLA AÐ ROKKA HÚSIÐ

MAGNÚS PAUL KORNTOP OG FÉLAGAR SPILA Í ÁRSELI UM HELGINA

SIRKUS MYND – VALLI

Það verður mikið um dýrðir í Árseli, félagsmiðstöð fatlaðra í Árbænum um helgina þegar hljómsveitirnar Plútó og Hraðakstur Bannaður spila á árlegu jólaballi. Magnús Paul Korntop er líklega þekktasti þroskahefti tónlistarmaður landsins. Hann er söngvari Hraðaksturs Bannaður og hlakkar til laugardagskvöldins.

„Þetta verður mikið stuð. Stelpurnar í Plútó hita upp og svo komum við í Hraðakstur Bannaður og rokkum þetta upp,“ segir Magnús sem er rúmlega fertugur. Hann hefur aldrei bragað á áfengi og er stoltur af því.

„Ég er mikill Bubbuaðdáandi og ég þekki hann persónulega. Hann var bestur hér í gamla daga og nú finnst mér hann yrkja fullmikið um ástina. Sjálfur hef ég mest gaman af írskri þjóðlagatónlist í dag.“

Magnús Paul, sem er bandarískur í aðra ættina, er með afar sterka rödd. Úrvaldsdeildarlið ÍR í handbolta hefur nýtt sér kraft Magnúsar og fengið hann til að vera kynnrir á heimaleikjum sínum undanfarnir þrjú ár. „Það kemst ekkert annað en ÍR að hjá mér.“

Eins og áður segir er Magnús Paul hálfur kani og fylgist því vel með bandaríska ruðningnum, NFL. „Ólíkt flestum þá skil ég leikinn og reglurnar. Mitt lið er San Francisco 49ers sem eru að byggja upp nýtt lið um þessar mundir. En pabbi sem ég hitti fyrst í fyrra heldur með Pittsburgh Steelers og því er ég hlutlaus þegar þessi tvö lið mætast,“ sagði Magnús Paul sem ætlar að skemmta á laugardagskvöld í Pittsburgh Steelers-búningi.

-HH



EIVÖR TÚRAÐI UM HEIMASLÓÐIR

Eivör Pálsdóttir söngkona var að koma heim úr tveggja vikna tónleikaferð. „Ég var nú bara að koma heim og sit hérna í rútunni á leiðinni í bæinn. Það gekk bara mjög vel. Ég túraði með dönsku bigbandi í Danmörku, svo spilaði ég líka ein með kassagítarinn við góðar undirtektir. Ég ætla nú bara að taka því rólega um helgina, kveikja á kertum og hafa það kósí heima og fá vinkonur mínar í heimsókn.“



FYRSTA PLATA NILFISK Á LEIÐINI

Strákarnir í Nilfisk frá Stokkseyri eru í þann mund að gefa út sína fyrstu breiðskifu, *Don't run from your own apples*. Plötuna gerðu þeir fjórmenningar í Stúdíó Sýrlandi. Þaðan var platan send til Danmerkur í prentun og fjölföldun.

Nilfisk slógu upphaflega í gegn þegar þeir fengu að taka lag á tónleikum með Foo Fighters í Laugardalshöllinni eftir að Dave Grohl og félagar runnu á hljóðið og kíktu inn á æfingu hjá þeim.

HVERNIG Á AÐ LANDA ÚRVALSEINTAKI AF FOLA

Það sem hér um ræðir er aðferð til þess að ná úrvalseintaki af íslenskum karlmanni heim til þín og upp í rekkju. Þá er ég ekki að tala um einhvern sveitalubba eða bólugrafíð nörd í jakkafötum af pabba sínum heldur crème de la crème af íslenskum strákum.

Til aðvörunar fyrir þær sem eru í hjónabandshugleiðingum þá er þetta kannski ekki alveg rétta leiðin til að ná sér í eiginmann heldur meira skemmtilegar ráðleggingar til þess að bæta hæfileika ykkar fallegu kvenna til að ná í leikfélaga við ykkar hæfi.

Þar sem ég hef sérþekkingu á þessu sviði ætla ég að deila með ykkur nokkrum hernaðarleyndarmálum sem ég og mínar vinkonur höfum sankað að okkur í gegnum tíðina. Því að þó að við íslenskar stelpur séum prinsessur og drottningar upp til hópa, virðast sumar okkar enn eiga í hálfgerðum vandræðum með að ná í rétta manninn. Réttu manninn segi ég vegna þess að let's face it, svona 80% af mönnum um sem reyna við okkur íslenskt kvenfólk eru einfaldlega ekki nógu góðir!

Það er vísdalega sannað að á fyrstu 5 mínútunum sem þú nærð augnsambandi við karlmann ákveða þeir hvort þú sért þess virði að eyða tíma í eða ekki. Þeir eru bara ekki þróaðri en þetta stelpur, sorry! Þess vegna er góð regla að hefja samtal innan þessara tímamarka. Nú, á þessum 5 mínútum er sjálfstraust það sem skiptir máli og að sjálfsgöðu að vekja áhuga hans án þess að sýnast hafa minnsta áhuga sjálf.

Þá komum við nefnilega að því, að karlmenn eru veiðimenn. Þeir vilja elta bráðina sjálfir, en ekki fá hana beint upp í hendurnar! Ef þú gengir strax upp að gæja

sem þér litist á og byðir honum heim til þín er nokkuð víst að hann missti áhugann.

Stór misskilningur er hjá fólki um að augnsamband sé vænlegt til árangurs, stelpur mínar, karlpeningurinn er bara ekki alveg nógu klár til að fatta það að ef þú horfir á hann, þá eigi hann að meik his mú!

Aðferð sem hefur reynst skotheld í langflestum tilvikum er á þessa leið: Farðu með vinkonu þinni á barinn og stattu við hliðina á viðkomandi markmiði (folanum), athugaðu hvað markmiðið er að drekka, gættu þess að snúa að vinkonunni og pantaðu þrennt af viðkomandi drykk. Ýttu hans glasi til hans, snúðu þér hálfvegis við og segðu skál yfir öxlina á þér og blikkaðu hann. Því næst skálarðu við vinkonuna og gengur í burtu með henni. Þetta er mikilvægt, gakkstu í burtu áður en markmiðið nær að þakka fyrir sig! Þegar þið setjist niður er öruggt að hann kemur og talar við þig aftur.

Nú þá er komið að því að loka samningnum.

Það að daðra við karlmenn er í raun mjög einfalt. Þeir eru ekki mjög flókin fyrirbæri þessar elskur.

Karlmönnum er skítsama hvort þú ert að hlusta á þá eða ekki. Þeir vilja fá að mala um sjálfan sig og hvað þeir eiga flottan bíl, flott hús... og svo framvegis. Nú. Það sem við getum gert og það sem VIRKAR ef þú vilt fara með folan-

um heim, er að brosa örlítið og sýna áhuga, horfa svo á hann eins og þú sért einfaldlega að velta því fyrir þér hversu stórt er undir honum. Sérstakt, en satt. Þegar þú gerir þetta birtist einhver ákaflega kynsandi (heimskulegur sennilega) svipur á andlitinu á þér sem gerir alla menn brjáláða.

Kannski er það einfaldlega sú staðreynd að karlmenn (veiðimennirnir) vilja ávallt virðast gáfaðri en bráðin.

Nú ef þetta nægir ekki til þess að hann nái hintinu og loki dílnum sjálfur, þá er alltaf verðlaunaráð að fara finlega í að laga til hárlökk hjá honum, og horfa á hann með fyrrnefndu augnaráði.

Einnig hefur reynst vel að hrósa fatavali, (þeir þæla meira í þessu strákarnir en þeir vilja vera láta) um leið og þú strýkur efnið í skyrtunni/bolnum á svæðinu við upp-handlegginn.

Þarna er nokkuð öruggt að jafnvel tregasti karlmaður er búinn að gera sér grein fyrir hvað þú hefur í huga. Þegar heim í svefnherbergjið er komið gilda svo allt aðrar reglur sem farið verður í síðar! Þangað til næst, happy hunting stelpur!

Brynja Björk



mindspray CHP

Vertu velkominn...

Höfum nýverið opnað spennandi og glæsilegt veitingahús í hjarta miðbæjarins. Við leggjum metnað okkar í að gera heimsóknir þínar sem eftirminnilegastar og vonum að þú kunnir að meta þær nýjungar sem við bryddum upp á. Hjá okkur eru möguleikarnir fyrir velheppnuð kvöld stórir, einfaldlega vegna þess að við höfum hugsað dæmið til enda... Við bjóðum upp á **Veitingastað**, **Bar**, **VIP salarkynni** og **Næturklúbb** sem er opinn til klukkan fimm um helgar; og allt þetta á sama stað!

ZOO - Þín paradís í miðbænum ...




RESTAURANT
ZOOBAR

Aldurstakmark 25 ár

Klapparstígur 38
IS-101 Reykjavík
Sími : 551 7760

www.restaurantzoo.is



LÓSMYNDIR: BJÖRN VEFÞÓÐTÍR

ÁSTARFLEYIÐ

14 UNGIR ÍSLENDINGAR FARA TIL
MIÐJARÐARHAFSINS TIL AÐ FINNA ÁSTINA
FIMMTUDAGA KL. 21:00

FYLGSTU MEÐ!



SIRKUS

Flott og kúl bók

Er ég bara
flatbrjósta nunna?



Bryndís Jóna
Magnúsdóttir

**Bókin sem allar stelpur
verða að lesa!**


Bryndís Jóna Magnúsdóttir, 24 ára frá Keflavík, er ný og fersk rödd í íslenskum unglingabókmenntum. Hér er á ferðinni flott og kúl bók um stelpu sem þjáist af mikilli ástsýki og feimni og tilraunum hennar til að næla í Danna, sætasta strákin í skólanum ...



Bryndís Jóna Magnúsdóttir

Boltinn rúllar ...

Íslensk knattspyrna eftir Víði Sigurðsson, blm. á Morgunblaðinu, er einstök bókaröð. Hér er að finna allt um íslenska boltann sem nöfnum tjáir að nefna. 224 bls - þar af 64 í lit. Í stóru broti. 320 ljósmyndir. Eldri bækur fást á tilboði.



Tindur
Bókaútgáfa

Í samstarfi
við KSÍ

Vodafone live!



Hringitónar



Fréttir og Íþróttir



Leikir



Skemmtun

SETTU TÓNINN

VELDU HRINGITÓNINN ÞINN

Í VODAFONE LIVE SÍMANUM ÞÍNUM.

Komdu í spennandi heim afþreyingar og upplýsinga. Smelltu þér á www.ogvodafone.is eða farðu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

og

vodafone

Heyrumst!